
Framlög til íþróttahreyfingarinnar:

**Ný styrktarleið
skilar tæpum
1,3 milljörðum**

Aðalheiður Elín:

**Upplifði aftur
frábærar minningar
á Reykjum**

Sambandsþing UMFÍ:

**Framtíðarstefna
í íþróttamálum
rædd**





Börnin okkar eru ótrúleg í íþróttum

**ÞESS VEGNA STYÐJUM
VIÐ ÞAU ÖLL!**



LEIKURINN OKKAR

GÆÐI - ALLA LEIÐ!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar á Brúnastöðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Af ást og alúð sinna þau bústörfunum í sátt við náttúruna. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig



Í þróttahreyfingin á Íslandi stendur og fellur með þátttöku.

- **Þátttöku iðkenda** sem mæta á æfingar í þeim tilgangi að bæta sig og tengjast öðrum.
- **Þátttöku starfsfólks** sem gefur meira af sér en launatékkinn segir til um.
- **Þátttöku sjálfbóðaliða** í stjórnun, á æfingum, við mótahald og í stuðningshlutverkum, sem öll leggja ólaunað starf til samfélagsins.
- **Þátttöku stuðningsfólks** sem mætir, hvetur og styður á hliðarlínunni.

Þátttaka í íþróttastarfi getur breytt lífi einstaklinga. Þegar að ég tók mín fyrstu skref inn á íþróttavöll og byrjaði að mæta á æfingar var ég í mikilli yfirþyngd, félagskvíðinn og lagður í einelti í skóla. Ég var hringaður ítrekað á hlaupabrautinni og alltaf valinn síðastur í lið. Leið mín lá ekki til afreks innan vallar.

Þátttaka í íþróttastarfi gaf mér aukið **sjálfs-traust**, ég fékk að tilheyra **liðsheild**, fann **tilgang**, lærði **markmiðasetningu** og kynntist **heilbrigðum lífsstíl**. Mín leið lá til afreksmennsku utan vallar. Þetta á við um fjölmarga þátttakendur í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Með okkar starfi erum við að skapa

umhverfi fyrir afreksfólk innan sem utan vallar svo þau geti blómstrað á eigin forsendum.

Ég á engin Íslandsmet og hef aldrei mætt á landsliðsæfingar. Öllum stórum sigrum innan vallar hef ég fagnað sem þjálfari, sjálfbóðaliði eða stuðningsmaður. Ég hef með þátttöku fengið tækifæri til að leggja mitt að mörkum til þess að efla næstu kynslóð afreksfólks innan sem utan vallar. Fátt gefur mér meira.

Einmanaleiki er vaxandi vandamál í samfélaginu okkar og því er sorglegt að horfa upp á takmarkanir settar á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Hindrun að einhverri öflugustu forvörn sem völ er á.

Eitt af því sem valdið hefur mikilli óvissu er sú þróun að sjálfbóðaliðar í stjórnun félaga eru í auknum mæli gerðir persónulega ábyrgir ef upp koma rangfærslur eða mistök í rekstri. Hættan er að slíkt geti dregið úr vilja fólks til að gefa af sér til samfélagsins. **Þessa óvissu þarf að leysa því án þátttöku sjálfbóðaliða gengur dæmið ekki upp!**

Samhliða þessu hefur fjárhagslegur þrýstingur aukist á íþrótt-

félög – verðbólga, launakostnaður, húsnæðisgjöld og rekstrarkostnaður – Fyrir vikið getur þurft að bregðast við með að hækka æfingagjöld. **Fyrir efnaminni fjölskyldur getur þetta skapað raunverulega hindrun** sem veldur því að börn hafa ekki jafnt aðgengi að skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Sem ný stjórn UMFÍ þurfum við að tryggja að grundvallarstoðirnar haldi. Það þýðir að vernda og styðja sjálfbóðaliða, vinna með stjórnvöldum að öruggara umhverfi fyrir stjórnarfolk, lækka aðgengishindranir og jafna tækifæri barna – óháð efnahag eða pósthúsnæði. Svæðisstöðvar UMFÍ og ÍSí gegna lykillhlutverki í þessu – þær tengja saman, styðja við hérað og létta undir starfi sjálfbóðaliða.

Fjárfesting í íþróttum er fjárfesting í framtíðinni. Spurningin sem við þurfum að spyrja er einföld:

Hvað hefur þátttaka gefið þér? Næsta kynslóð treystir á okkur til að tryggja að hún fái sama tækifæri. Við verðum að vera til staðar fyrir þau – eins og okkar félög voru til staðar fyrir okkur.

Skúli Bragi Geirdal,
varaformaður UMFÍ



Efnisyfirlit

- 4 Að taka þátt er að tilheyra
- 6 Móta leiðarvísi fyrir erfiðar ákvarðanir
- 8 Upplifði frábærar minningar á Reykjum Aðalheiður Elín Ingólfssdóttir
- 10 Íþróttafélög bjóði áhugafólki að leika sér
- 12 Mikil gleði framundan í Eyjafjarðarsveit
- 13 Sjálfbóðaliðadagurinn
- 16 Framlög og styrkir til íþróttahreyfingarinnar fyrir tæpa 1,3 milljarða
- 18 Framlög og styrkir til íþróttafélaga um allt land
- 20 Afslættir á viðburði rjúfi félagslega einangrun - Páll Ásgrímur Jónsson
- 21 Dagur sjálfbóðaliðans
- 22 Fyrsta ár Hvatasjóðsins
- 30 Ný stjórn UMFÍ 2025–2027
- 38 Fjölbreytt verkefni svæðisfulltrúa
- 40 Tengjast við alþjóðlegar rætur
- 42 Vilja fjölga stelpum í fótbolta
- 43 Gamla myndin - Starfsmenn UMFÍ prófa seglbretti á Rauðavatni



14 Æfingar á prikhestum hjá Gróttu Seltjarnarnesi



24 Framtíðarstefna í íþróttamálum rædd á fjölmennu sambandsþingi UMFÍ



23 Ungmennaráð kom heim með gott veganesti



36 Fundur fólksins - Almannaheillafélög eru ómissandi stoð í samfélaginu

Hátíðarstraumar um allt land

Gleðileg jól



Við óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við leggjum línurnar að framþróun og uppbyggingu sem hreyfir samfélög á landsbyggðinni til framtíðar.



Móta leiðarvísi fyrir erfiðar ákvarðanir

Er hægt að vísa hverjum sem er úr íþróttafélagi? Brottvísun er erfið og krefjandi. Stjórnir íþróttafélaga fá á næstunni skýrar leiðbeiningar frá ÍSí um verklag þegar til stendur að taka erfiða ákvörðun.

„Þegar tekin er ákvörðun um íþyngjandi agaviðurlög gagnvart félagsmanni verður að gera þá kröfu að vandaðri málsmeðferð sé fylgt. Stundum vantar upp á slíkt og viljum við bæta úr því,“ segir Helga Þórðardóttir, lögfræðingur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

Stjórnnum margra íþróttafélaga vantar upplýsingar um hvernig slík málsmeðferð á að vera. Var því hafin vinna við að gera leiðbeiningar um málsmeðferð sem hjálpar stjórnnum íþróttafélaga að taka erfiðar ákvarðanir. Horft er til þess að leiðbeiningarnar verði tilbúnar á næstu vikum.



Helga Þórðardóttir, lögfræðingur ÍSí, segir mikilvægt að hafa skýrt verklag við ákvarðanatöku í stjórn-um félaga.

ÍSí hóf vinnslu leiðbeininganna vegna ýmissa mála sem hafa komið upp innan íþróttahreyfingarinnar og úrlausna dómstóla ÍSí í tilteknum málum. Með því að vanda málsmeðferð eykst traust gagnvart ákvarðanatöku innan íþróttafélaga auk þess sem hún stuðlar að réttlátum niðurstöðum og að mál sem rata til dómstóla ÍSí fái þar efnislega meðferð.

Helga segir að horft sé til þess að leiðbeiningarnar styðji við stjórnir íþróttafélaga þegar taka þarf íþyngjandi ákvarðanir og tryggji að réttindi félagsmanna séu virt í því ferli.

Í hnotskurn

Nýjar leiðbeiningar eru mikilvægt skref til að styðja íþróttafélög í að tryggja réttláta og vandaða málsmeðferð í erfiðum málum.

Helstu atriði

- Við ákvörðun íþyngjandi agaviðurlaga þarf að fylgja vandaðri og réttlátri málsmeðferð.
- Skortur hefur verið á skýrum leiðbeiningum til stjórna íþróttafélaga um slíka málsmeðferð.
- Unnið er að gerð leiðbeininga sem styðja stjórnir við erfiðar ákvarðanir og byggja á reynslu úr málum innan íþróttahreyfingarinnar og úrlausnum dómstóla ÍSí.
- Vönduð málsmeðferð eykur traust, tryggir réttindi félagsmanna og stuðlar að efnislegri og réttlátri niðurstöðu mála.

Skinfaxi 3. tbl. 2025

Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands, hefur komið út samfleytt síðan 1909. Tímaritið dregur nafn sitt af hestinum fljúgandi sem dró vagn goðsagna-verunnar Dags er ok um himinhvolfið í norrænum sagnaheimi.

RITSTJÓRI

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.

ÁBYRGÐARMADUR

Jóhann Steinar Ingimundarson.

RITNEFND

Skúli Bragi Geirdal formaður, Halla Margrét Jónsdóttir, Arnór Ásgeirsson, Gunnar Gunnarsson og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

UMBROT OG HÖNNUN
Indigó.

PRENTUN

Litróf.

AUGLÝSINGAR

Hringjum.

FORSÍÐUMYND

Sandra Finnsdóttir sjálfbæðaliði á Landsmóti UMFI 50+ í Fjallabyggð.

LJÓSMYNDIR

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Unnar Erlingson, Gunnhildur Lind Hansdóttir, Tómas Freyr Kristjánsson o.fl.

SKRIFSTOFA UMFI/SKINFAXA

Þjónustumiðstöð UMFI, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, s. 568 2929
umfi@umfi.is - www.umfi.is

UMFI

Ungmennafélag Íslands, landssamband

ungmennafélaga á Íslandi, var stofnað á Pingvöllum 2. ágúst 1907. Sambandsaðilar UMFI eru 26 talsins og skiptast í 25 íþróttahéruð og 1 ungmennafélag með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFI um land allt.

STJÓRN UMFI

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður, Skúli Bragi Geirdal varaformaður, Margrét Sif Hafsteinsdóttir gjaldkeri, Sigurður Óskar Jónsson ritari, Helgi Sigurður Haraldsson meðstjórnandi, Guðný Stefania Stefánsdóttir meðstjórnandi og Halla Margrét Jónsdóttir meðstjórnandi.

VARASTJÓRN UMFI

Birgir Már Bragason, Gunnar Þór Gestsson, Ragnheiður Högnadóttir og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

STARFSFÓLK UMFI

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri, Einar Þorvaldur Eyjólfsson fjármálastjóri, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi og ritstjóri Skinfaxa, Ómar Bragi Stefánsson framkvæmdastjóri móta (aðsetur á Sauðárkróki), Ragnheiður Sigurðardóttir verkefnastjóri, Aldís Baldursdóttir verkefnastjóri og Elísabet Hrunn Salvardsdóttir bókhald.

SKÓLABÚÐIR Á REYKJUM

Sigurður Guðmundsson forstöðumaður, Ingimar Oddsson, Rannveig Aðalbjörg Hjartardóttir, Hulda Signý Jóhannesdóttir, Luis Augusto Aquino, Gísli Kristján Kjartansson, Oddný Bergsveina Ásmundsdóttir og Róbert Júlíusson.




Vinsælasta kerfi landsins fyrir íþróttar- og tómstundastarf

Einfaldaðu skipulag,
samskipti, greiðslur til
félagsins og fáðu betri
yfirsýn yfir reksturinn með
Abler.

Gerum gott starf betra –
íþróttir skipta máli!

Kynntu þér fjölbreyttar þjónustulausnir á www.abler.io





Upplifði frábærar minningar aftur á Reykjum

„Ég hugsaði að 12 ára ég væri svo til í að sjá og upplifa þennan stað á nýjan leik og bókstaflega varð þess vegna að deila göðum minningum með öðrum sem hafa farið á Reyki,“ segir Aðalheiður Elín Ingólfssdóttir, kennari við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Í nóvember kom hún ásamt nemendum 7. bekkjar í skólanum í Skólábúðir UMFÍ á Reykjum í Hrítafirði. Hún deildi upplifun sinni á skemmtilegan hátt á samfélagsmiðlinum TikTok. Þar leyfði hún áhorfendum að endurupplifa minningar sínar frá skólábúðunum.

Aðalheiður, sem flestir kalla Hædi, kom síðast í Skólábúðirnar árið 2007 sem nemandi þegar hún var sjálf á grunnskólaaldri. Nú er hún þrítug, tveggja barna móðir og finnst fátt skemmtilegra en að skapa og hanna, dunda sér við saumavélina eða að baka í eldhúsinu.

Hana minnir að á sama tíma og hún var í Skólábúðunum fyrir 18 árum hafi nemendur Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ deilt með þeim dvöl-



Aðalheiður Elín Ingólfssdóttir, kennari við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði ásamt dóttur sinni.

inni. „Ferðin á Reyki er skemmtilegasta minning mín úr grunnskóla. Ég man vel eftir dvölinni sem barn. Við gistum á Grund og hinir nemendurnir í Ólafshúsi. Það sem stóð mest upp úr hjá mér var tísukeppnin, það er og var víst svaka sport að mála og greiða strákunum,“ segir Hædi þegar hún rifjar upp ferðina á sínum tíma.

18 árum síðar

Hædi er í skýjunum með dvölina á Reykjum þegar hún var í 7. bekk og fannst frábært að koma aftur með eigin nemendahóp.

„Mér finnst ég ótrúlega heppin að fá að fara þangað aftur og upplifa þessa skemmtilegu daga með nemendum mínum. Þetta var „flashback“ á hverjum degi,“ segir hún og bætir við að ferðin og dvölin hafi verið besta vinnuvika ársins.

Dagskráin á Reykjum er fjölbreytt og þar fengu nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni sína og sjálfsmynd.

„Mér finnst vera svo ótrúlega mikill metnaður í þessu öllu núna og ég tala nú ekki um sundlaugapartyið. Þarna var alvöru froðudiskó! Ég er reyndar ennþá að meðtaka að boðið er upp á hvítan sykurlát á morgunkornið, alveg eins og í minningunni. Það er alveg geggjað,“ segir Hædi og hlær.

„Það vakti líka upp gamlar minningar að koma aftur Byggðasafnið, sem er alveg eins og í minningunni. Það eina sem hefur tekið breytingum er Skólábúðalagið. Ég man ennþá textabút úr gamla laginu. En nýja

lagið er algjör snilld og algjört heilalím. Ég segi bara: Vel gert Ingimar!”

Hædi segir nemendur sína hafa sýnt mikinn áhuga á því að heyra sögur hennar frá því hún var í Skólabúðunum fyrir næstum tuttugu árum.

„Það var ótrúlega gaman að rifja þetta upp með þeim á staðnum og bera saman hvernig upplifunin mín var sem nemandi og hvernig nánast allt er eins, nema sumt,“ segir Hædi.

Skólabúðirnar þetta nemendahópin

Hædi segir gaga-boltaleikinn standa upp úr eftir dvölin á Reykjum. Leikurinn er spilaður á pannavelli og snýst um að slá fótbolta með höndunum í fætur annarra leikmanna fyrir neðan hné.

„Þetta er klárlega vinsælasti leikurinn þessa dagana. Börnin stefna á að fara í fjáröflun til þess að fjárfesta í velli á skólalóðina til að spila gaga-bolta,“ segir Hædi og bendir á að leikir og fleiri viðburðir hafi þétt nemendahópinn, sem hafi komið heim bæði samheldnari og reynslunni ríkari. Dvölin hafi líka styrkt samskipti nemenda við önnur kyn og almennt bætt samskiptin í bekknum.

„Það reyndi þó aðeins á þolinmæðina á leiðinni heim þar sem ferðin endaði heldur betur skrautlega hjá okkur,“ segir hún. Veðurofsi og sterkar vindhviður undir Hafnarfjalli urðu til þess að hópurinn komst hvorki lönd né strönd og varð að bíða af sér veðrið í fjórar klukkustundir í Borgarnesi. Ekki þurfti hópurinn að hafa áhyggjur af kulda og trekki því hann fékk skjól í grunnskólanum á meðan biðinni stóð.

Sýndi þjóðinni frá upplifuninni á TikTok

Hædi sýndi frá upplifun sinni af skólabúðunum sem kennari á Tiktok-reikningi sínum. Undirtektirnar voru mjög góðar. Ástæðan fyrir því að hún gerði það var sú að hún vildi deila þeim með öðrum. En svo þótti henni líka gaman að vera kennarinn sem má taka myndir og vídeó af staðnum, þar sem nemendur mega annars ekki vera með síma. „Það var sérstaklega gaman að fanga gamlar minningar á filmu,“ segir Hædi.

Upptökurnar dreifðust víða og greinilegt að mörgum þótti gaman að sjá frá starfinu á Reykjum.

„Ég er eiginlega ennþá að átta mig á viðbrögðunum sem ég fékk, yfir 52 þúsund áhorf komin á myndböndin og enn bætist í,“ segir hún. Myndböndin eru orðin fjögur talsins og hvetur Hædi lesendur Skin-



faxa til þess að kíkja á þau á Tiktok reikningi sínum undir notendanafninu „Hædi“.

„Ég er uppfull af gleði eftir þessa ferð og tek með mér fullt af leikjum og góð samskipti í veganesti. Ég vil einnig fá að hrósa starfsfólki skólalóðanna fyrir frábær störf og æðislegt viðmót, allir svo glaðir og kátir. Haldið áfram að vera svona frábær! Takk kærlega fyrir mig og okkur öll, ég vona svo sannarlega að ég fái að koma aftur til ykkar sem fyrst,“ segir Hædi að lokum.



Þú getur skoðað upptökur Hædiar með því að skanna QR-kóðann með símanum eða farið beint inn á slóð Tiktok-reikningsins:
<https://www.tiktok.com/@adalheidurelin95>



“ Mikill tímasparnaður í kringum hver einustu mánaðarmót.

- Eva Rós Gústafsdóttir
Eigandi Veislubjónar ehf.



TÍMAVERA KOMINN TÍMI TIL!

- ✓ Einföld tímaskráning fyrir vinnustaðinn
- ✓ Hættu að nota penna og blað og komdu yfir í Tímavera
- ✓ Þú getur strax byrjað að nota appið



FRÍ 14 DAGA PRUFA
[TIMAVERA.IS](https://www.timavera.is)

SKANNAÐU TIL AÐ
PRÓFA TÍMAVERU



Íþróttafélög bjóði áhugafólki að leika sér

Framhaldsboltinn í Kaplakrika er frábær vettvangur fyrir drengi sem langar að æfa fótbolta en hafa hvorki tíma né áhuga á að komast nær atvinnumennsku.

„Íþróttafélög þurfa að hugsa út fyrir afrekslínauna. Það eru ekki bara tvær leiðir í fótbolta, annaðhvort engin æfing eða afreksþjálfun. Við bjóðum upp á millileiðina,“ segir knattspyrnumaðurinn og þjálfarinn Atli Guðnason. Hann hóf í fyrravor að stýra Framhaldsbolta í Kaplakrika hjá FH. Framhaldsboltinn er hugsaður fyrir unga drengi sem eru að byrja í framhaldsskóla en hafa annaðhvort hætt í hefðbundnu liða- og afreksstarfi eða hafa hvorki áhuga eða tíma til að æfa fjórum eða fimm sinnum í viku með sínu félagi.

Atli segir íþróttafélög standa frammi fyrir brottfalli ungmenna úr íþróttum þegar komið er í framhaldsskóla. Þau hafi ekki vettvang til að æfa á eigin forsendum og lítið bjóðist nema líkamsræktin og bumbubolti eftir tvítugt. Hann hafi setið á hugmyndinni í svolítinn tíma og nefnt hana við marga uns hann ýtti henni úr vör ásamt FH-ingnum og frjálsíþróttakonunni Silju Úlfarsdóttur í byrjun árs 2025. Stjórnendur FH tóku vel í þælinguna.

„Þau hjá FH tóku mjög vel í þetta og voru tilbúin til að gefa tíma í íþróttahúsi til að koma

verkefninu af stað,“ segir Atli og sótti um verkefnið í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Verkefnið hlaut góðan meðbyr og skilaði 400 þúsund krónum í haustúthlutun sjóðsins árið 2024. Styrkurinn gerði Atla og Silju kleift að hefja verkefnið.

Óvæntir þátttakendur

Í styrkumsókn kemur fram að Framhaldsboltinn geti styrkt endurkomu unglunga í fótbolta. Bæði Atli og Silja gerðu ráð fyrir að á æfingar kæmu Hafnirirðingar sem höfðu æft undir merkjum FH eða af einhverjum ástæðum ekki fundið sig í íþróttum. Nokkrir Hafnirirðingar komu. En meirihluti þeirra sem svöruðu kallinu kom frá öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins, svo sem Reykjavík og Garðabæ.

„Þetta byrjaði hægt og rólega og að jafnaði komu um 12 strákar á æfingu. Þegar við buðum í lokahólf eftir önnina í maí komu 20 drengir. Það er góður fjöldi,“ segir Atli og rifjar upp að á vorönn hafi verið boðið upp á tvær kvöldæfingar í viku. Fleiri hafi komið seinni dagana og þess vegna hafi verið ákveðið að fækka æfingum og bjóða aðeins upp á eina æfingu í viku.

Góður félagsskapur

Æfingarnar í Framhaldsboltanum einkennast öðru fremur af ánægjunni af því að koma saman, hreyfa sig með öðrum og spila fótbolta án þess að ætla að skara fram úr. Félagslegi þátturinn er líka sterkur.

„Þegar maður hættir að æfa á fullu þá er gott að komast út úr húsi, hitta aðra og leika sér. En þeir sem koma að æfa með okkur þurfa heldur ekki að hafa æft áður. Þeir geta komið,“ segir Atli og bendir á að æfingar eins og Framhaldsboltinn hjá FH sé góður hluti af forvarnarstarfi, sem geti haldið áfram þótt viðkomandi hafi hætt að æfa eins og áður.

„Ungt fólk þarf að sinna skólanum, félagslífinu og jafnvel vinnu. Fótbolti og æfingar eru það fyrsta sem detta út, því þær eru tímafrekar og dýrar,“ segir Atli en bendir á að ungmenni geti enn nýtt frístundakortið á þessum aldri og því sé upplagt að íþróttafélög bjóði upp á æfingar sem þessar, svo ungmenninn geti allavega æft með sínu félagi.

„Fleiri íþróttafélög þurfa að gera þetta og bjóða upp á fleiri greinar fyrir ungmenni sem vilja æfa á eigin forsendum – og hjá sínu félagi,“ segir Atli að lokum.

Í hnotskurn snýst framhaldsboltinn um:

- Að hafa gaman
- Að tilheyra hópi
- Sporna við brottfalli
- Byggja upp sjálfstraust
- Búa til millistig í íþróttastarfi
- Markmiðið að fá stráka á framhaldsskólaaldri (16-19 ára) til að mæta á æfingar.
- Æfingar eru á miðvikudögum hjá FH klukkan 19:00.
- Kostnaður er 25.000 krónur fram að jólum. Hægt er að nýta frístundastyrki upp að 18 ára aldri.

Atli Guðnason er leikjahæsti leikmaður FH í efstu deild (spilaði 285 leiki og skoraði 68 mörk), sjöfaldur Íslandsmeistari, tvöfaldur bikarmeistari og sá Íslendingur sem hefur skorað flest mörk í Evrópukeppnum. Hann hefur tvisvar sinnum verið kjörinn besti leikmaður efstu deildar og sá eini sem hefur bæði átt flest mörk og flestar stoðsendingar á sömu leiktíð. Hann lagði skóna á hilluna eftir tímabilið 2020 og er kennari í stærðfræði við Fjölbrautaskólann í Garðabæ.



*Við þökkum innilega fyrir samfylgdina
á árinu sem er að líða og hlökkum til að
sjá ykkur á nýju ári.*



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR



Landsmót UMFÍ 50+:

Mikil gleði framundan í Eyjafjarðarsveit

Fjöldi íþróttagreina verður á dagskrá Landsmóts UMFÍ 50+ þegar það verður í fyrsta sinn haldið á sambandssvæði UMSE í júní 2026.

„Það er nóg að gera hjá okkur, við erum búin að velja stóru greinarnar og stemningin fyrir mótinu er mjög góð,“ segir Valgerður Reykjalín, sem var ráðin framkvæmdastjóri Ungmennasambands Eyjafjarðar (UMSE) í haust. Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Hrafnagilshverfi síðustu helgina í júní á næsta ári. Þetta verður í 14. sinn sem mótið er haldið síðan það fyrsta fór fram á Hvammstanga árið 2011 og í fyrsta sinn sem það er haldið í Eyjafjarðarsveit.

Undirbúningur fyrir Landsmót UMFÍ 50+ fer vel af stað og greinilegt að í Eyjafjarðarsveit verður gott mót. Framkvæmdanefnd mótsins er nær fullskipuð og búið að teikna upp skipulag fjölbreyttra keppnisgreina.

Eins og keppnisdagskráin lítur út núna verður hægt að taka þátt í badmintoni, boccia, brídds, frjálsum íþróttum, golfi, pílu, pokavarp, pútti, pönnukökubakstri, ringói, skák, skotfimi, stígvélakasti, sundi og hjólræiðum. Stefnt er að því að hafa opnar greinar á borð við frísbígg, utanvegahlaup og brennibolta, auk sýningar í hestaíþróttum.

Kennaramenntuð að austan

Valgerður tók við starfi framkvæmdastjóra UMSE í haust. Sambandið hafði þá verið án framkvæmdastjóra í tæpt ár. Valgerður er menntaður íþróttafraeðingur og kennari, sem ólst upp á Dalvík. Maður hennar er Hornfirðingur og hafa þau upp á síðkastið verið búsett þar. Í sumar fluttu þau norður á Dalvík. Þar stígur hún sín fyrstu skref í starfi innan íþróttahreyfingarinnar.

Hún segir næg verkefni framundan enda ýmsir stórir viðburður á dagatalinu undir merkjum UMSE og aðildarfélaga. Þar á meðal er Þorvaldsdalskokkið, sem er eitt elsta skipulagða óbyggðahlaup hér á landi og verður haldið í 33. sinn í júlí á nýju ári og fótboltamót Ungmennafélagsins Samherja, sem haldið er í Eyjafjarðarsveit að hausti. Til við-



Valgerður Reykjalín ásamt borgerði Guðmundsdóttur, formanni UMSE.

bótar er stefnt að því að Allir með, samstarfsverkefni Íþróttasambands fatlaðra, ÍSÍ og UMFÍ, verði á Dalvík og mögulega á fleiri stöðum á sambandssvæði UMSE.



Þú getur lesið meira um mótið á umfi.is eða skannað QR-kóðann.

Landsmót UMFÍ 50+ í hnotskurn

- Á 46. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var í Reykjanesbæ árið 2009 var stjórn UMFÍ falið að skipa nefnd til að útfæra starf eldri ungmennafélaga til framtíðar.
- Í nefndinni voru voru: Anna R. Möller, Flemming Jessen, Þórey S. Guðmundsdóttir, Hjörtur Þórarinnsson og Sigurður Guðmundsson sem var starfsmaður nefndarinnar.
- Hugmyndir voru kynntar á samráðsfundi UMFÍ ári síðar og var ákveðið í febrúar árið 2011 að efna til Landsmóts UMFÍ 50+.
- Fyrsta mótið fór fram dagana 24.–26. júní 2011 á Hvammstanga.
- Síðasta Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ólafsfirði og Siglufirði í júní 2025.
- Markmið mótsins hefur ávallt verið að skapa vettvang fyrir fólk sem verður 50 ára sama ár og mótið er haldið - og eldra fólk - til að hittast og njóta þess að keppa í fjölda íþróttagreina.
- Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag, allir geta tekið þátt og á sínum forsendum. Komdu og vertu með!



Valið stóð á milli þess að jarða ungmennafélagið eða gera eitthvað skemmtilegt

Alþjóðlegum degi sjálfbóðaliðans var fagnað með ýmsum hætti víða um land 5. desember síðastliðinn. ÍSÍ og UMFÍ stóðu fyrir sameiginlegum viðburði þar sem þrír sjálfbóðaliðar komu og sögðu frá starfi sínu. Síðan var boðið upp á vöfflukaffi til skrafs og ráðagerða. Sambandsaðilar UMFÍ og aðildarfélag voru jafnframt hvött til að hampa sjálfbóðaliðum sem haldið hafa uppi íþrótt- og ungmennastarfi á sínum svæðum í gegnum árin.

„Ég var með þínu hnúti í maganum yfir að segja fólki frá því að við ætlum að nota sams konar efni á frjálsíþróttavellinum við Hrollaugsstaði og er á Ólympíuleikvöngum og fimm stöðum á landinu,“ segir Bjarni Malmquist Jónsson, formaður Ungmennafélagsins Vísis í Suðursveit, aðildarfélags Ungmennasambandsins Úlfjólts (USÚ). Tilviljun ræður því að hann er formaður bæði USÚ og Vísis.

Bjarni var einn þriggja sem héldu erindi á sameiginlegum viðburði ÍSÍ og UMFÍ í tilefni af Degi sjálfbóðaliðans. Hin voru Lárus Blöndal, fyrrverandi forseti ÍSÍ, og Halla Margrét Jónsdóttir, fyrrverandi formaður Ungmennaráðs UMFÍ, sem á síðasta sambandsþingi UMFÍ tók sæti í stjórn. Öll ræddu þau um mismunandi aðkomu sína sem sjálfbóðaliðar í íþróttahreyfingunni og hvað vinnan hefur gefið þeim.

Bjarni sagði frá uppbyggingu frjálsíþróttavallar á svæði sínu í Suðursveit. Verkefnið hefur vakið töluverða athygli og fjallað er um það víða, svo sem með ítarlegum og eftirtektarverðum hætti í sjónvarpsþættinum um Landinn á RÚV.

Í erindi sínu fór Bjarni hratt yfir sögu. Hann skautaði yfir sögu Ungmennafélagsins Vísis í Suðursveit allt frá stofnun þess árið 1912 og lýsti því sem framfarafélagi. Það hafi byggt ýmislegt upp í kringum Hrollaugsstaði, meira að segja komið til tals hvort það gæti ræktað upp sandana því sauðfjárbændur í sveitinni höfðu ekki yfir grösugum engjum að ráða fyrir fé sitt.


Árið 1993 byggði ungmennafélagið svo íþróttavöll sem var af svipaðri stærð og fótboltavöllur. Þar, eins og í öðrum verkefnum, lögðu sjálfbóðaliðar úr byggðarlaginu hönd á plóg. Þeir slógu kirkjugarðinn saman og fannst starfið nokkurn veginn sjálfgæfið.

Bjarni sagði hafa fundið fyrir breytingu í kringum sameiningu sveitarfélaga í kringum 2000 en þá tók sjálfbóðaliðum að fækka. Kynslóðabreytingar í sveitinni höfðu fleira í för með sér. Börnum fækkaði svo mjög að ekki gekk að halda úti starfi grunnskóla, sem var lagður niður árið 2007.

Árið 2022 var á teikniborðinu að fara í umtalsverðar framkvæmdir í Suðursveit. Hugmyndirnar gengu meðal annars út á að reisa 37 íbúðir í landi Hrollaugsstæða og parhús á sjálfum íþróttavellinum.

„Þessu var kastað í andlitið á okkur,“ segir Bjarni og rifjar upp að á þessum tíma hafi starf ungmennafélagsins legið niðri í langan tíma.

„Við höfðum ekki haldið aðalfund frá árinu 2000. Ég og félagar mínir höfðum reyndar frá árinu 2014 haft áhuga á að endurvekja félagið.



Og þarna var stundin runnin upp. Það var nú eða aldrei. Við sendum því út fundarboð um endurstofnfund Ungmennafélagsins Vísis og könnuðum hvort fólki væri sama um hvort íþróttavöllurinn yrði látinn fara og jarða ungmennafélagið eða að við myndum standa saman og gera eitthvað skemmtilegt. Við ákváðum að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir hann.

Fimmtán manns mættu á stofnfund ungmennafélagsins og ári síðar var fyrsta frjálsíþróttamótið í langan tíma haldið. Keppendur voru 53, sem var ansi gott.

„Sveitin var eiginlega öll mætt á mótið. Af þeim sem áttu lögheimili í sveitinni voru aðeins þrír heima meðan á því stóð,“ segir Bjarni og rifjaði upp að þegar næsta mót var haldið nú í sumar voru 85 þátttakendur og voru keppendur úr sveitinni frá eins árs aldri og upp í 75 ára. Þessir eins árs gömlu keppendur tóku þátt í sex metra skriðsundi – með aðstoðarfólki.

„Þetta var skemmtileg keppnisgrein,“ hélt Bjarni áfram og leggur áherslu á að sveitarstjórn Hornafjarðar hafi tekið afspyrnuvel í endurstofnun ungmennafélagsins og unnið með því alla leið þessa vegferð. Sá stuðningur hafi leitt til þess að ráðist hafi verið í gerð nýs íþróttavallar við Hrollaugsstæði.

Bjarni ræddi við sveitunga sína og voru allir sem vettlingi gátu valdið tilbúnir til að taka þátt í verkefninu. Íþróttavöllurinn sameini íbúa, sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vinna að því og hjálpa til við að gera völlinn að veruleika.

„Það er lykilatriði að gera þetta fyrir samfélagið, að fá fólk með í liðið svo það finni að það á hlut í íþróttavellinum,“ segir Bjarni og segir það hafa verið hamingjuríkan dag þegar byrjað var að steypa plötuna undir hlaupabrautina. Í því verkefni hafi 23 sjálfbóðaliðar tekið þátt.

Stefnt er að vígslu vallarins í júní á næsta ári og verður haldið sérstakt vígslumót í tilefni dagsins.

„Við vonum að íþróttavöllur Vísis við Hrollaugsstæði verði fordæmi fyrir önnur félög,“ sagði Bjarni að lokum og bauð fundargesti velkomna á viðburðinn næsta sumar.





Æfingar á prikhestum hjá Gróttu Seltjarnarnesi

Íþróttafélagið Gróttu hefur boðið upp á prikhestaæfingar fyrir grunnskólabörn sem alla jafna taka ekki þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Æfingarnar hafa slegið gegn og leggja börnin mikið á sig til að komast í gegnum æfingar dagsins.

„Þetta er tækifæri sem við höfum búið til fyrir börn. Við erum að prófa okkur áfram. Þetta eru börn sem taka ekki þátt í neinu íþróttastarfi og hafa ekki gert það. En nú fá þau sem hafa áhuga á prikhestum vettvang til að stunda skipulagt íþróttastarf,“ segir Hansína Þóra Gunnarsdóttir, íþróttafraeðingur og svæðisfulltrúi íþróttahéraðanna á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af verkefnum hennar og starfsfólks svæðisstöðvanna er að fjölga börnum og ungmennum í skipulögðu íþróttastarfi um allt land.

Hansína setti sig í samband við hóp fólks sem heldur úti síðu um prikhesta á Facebook. Þar kynnrir forsvarsfólk viðburði um prikhesta vítt og breitt um landið. En fastur punktur hefur ekki verið í tilveru prikhestafólks og var leitað til íþróttafélagsins Gróttu. Þar var vel tekið í að kynna æfingar á prikhestum, sem líka eru kallaðir hobbíhestar. Mögulegt er að boðið verði upp á skipulagðar æfingar hjá Gróttu eftir áramótin. Gróttufólki leist vel á hugmyndina og byrjuðu æfingar á sunnudagsmorgnum í nóvember. Á fyrstu æfinguna mættu sjö börn en tíu á þá næstu. Stefnt er á fjórar æfingar fyrir áramót fyrir iðkendur á grunnskólaaldri til að hita upp fyrir skipulagðar æfingar eftir áramótin.

Börn koma víða að á prikhestaæfingar hjá Gróttu, frá Hafnarfirði, úr Garðabæ og meira að segja frá Vogum á Vatnsleysuströnd. Fyrirhugað er að kynna æfingarnar betur á höfuðborgarsvæðinu.

„Foreldrar sumra barna eru í skjýjunum með æfingarnar. Þau sjá gleði og ánægju barnanna á æfingum. Áhuginn og ánægjan fyrir íþróttinni er það mikill að sumir foreldrar sjá börn sín takast á við áskoranir og sigra þær. Það er nokkuð sem þau hafa stundum ekki séð áður. Það sýnir að á æfingunum læra börnin að komast yfir ýmsar hindranir,“ segir Hansína og bendir á að slíkur árangur sé kraftaverki líkastur hjá krökkum sem leggi mikið á sig á prikhestaæfingunum.

Prikhestar á Unglingalandsmóti

Litlar upplýsingar liggja fyrir um áhuga barna á prikhestum á Íslandi og hefur Facebook-síða áhugafólks um greinina nánast verið eini vettvangurinn til að dreifa upplýsingum um hana. „Ég held að þetta sé leyndur áhugi og að fleiri séu með hann en við teljum,“ segir Hansína.

Fyrsta prikhestamótið var haldið hér á landi í mars á þessu ári og vakti það eftirtekt. Um verslunarmannahelgina var svo prikhestamót haldið í íþróttahúsinu á Egilsstöðum á Unglingalandsmóti UMFÍ. Þetta var fyrsta skiptið sem greinin var í boði.

Í kringum 60 börn og ungmenntu tóku þátt á Egilsstöðum og léku sér með prikhesta, þau fóru yfir ýmsar hindranir og skemmtu sér saman.



Einbeittir þátttakendur á prikhestum á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum í sumar.



Prikhestar sameina kynslóðirnar.

Í hnotskurn

- Prikhestar er tiltölulega nýleg grein en hún er upprunnin í Finnlandi.
- Greinin er sérstaklega vinsæl á Norðurlöndunum í röðum stúlkna 12–18 ára.
- Greinin vakti athygli í kvikmyndinni Keppihevosten vallankumous (Prikhestabylding), sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Tampere árið 2017.
- Prikhestar hafa slegið í gegn víðar síðan þá, þar á meðal í Ástralíu en fyrsta ástralska mótið þar var haldið í Queensland árið 2024.
- Fyrsta Evrópumeistaramótið í prikhestaíþróttum verður í Tékklandi árið 2026. Að mótinu stendur Alþjóðasamband prikhesta.
- Að sumra mati henta prikhestar almenningi betur en hestamennska, sérstaklega börnum og ungmennum sem standa utan við skipulagt hefðbundið íþróttastarf. Þau sem ekki hafa tækifæri til að eignast og halda hesta hafa tök á að upplifa tilfinningar við dýr í gegnum prikhesta.
- Allar æfingarnar má sjá í Abler.

Prikhestar samhæfa hreyfingar hjá börnum

„Æfingar á prikhestum fela í sér marga þætti, eins og sköpunargleði, samhæfingu hreyfinga, brennslu og keppnisskap því það er ekki auðvelt að hoppa á svona hestum. Margir foreldrar halda að börnin þeirra séu þau einu sem hafi áhuga á hestunum en það er ekki raunin. Hópurinn er að stækka svo ört,“ segir Guðný María Waage, sem heimsótti þjónustumiðstöð UMFÍ fyrr í sumar ásamt dóttur sinni sem hafði fengið mikinn áhuga á hestagreininni. Þær kynntu prikhestana fyrir starfsfólki.

Þar kom meðal annars fram að dóttir Guðnýjar, sem þá var níu ára, stundaði engar greinar áður en hún prófaði prikhesta. Á þessu ári hefur hún eignast sex prikhesta og fór í fyrsta sinn á reiðnámskeið. Þar fór hún á námskeið fyrir börn sem eru lengra komin.



Þú getur skannað QR-kóðann hér til hliðar og lesið meira um æfingarnar hjá Gróttu.

Raftvistur ehf.

Líklegast bestir í rafmagni!



Framlög og styrkir til íþróttahreyfingarinnar fyrir tæpa 1,3 milljarða

Ný fjármögnunarleið fyrir íþróttafélög opnaðist með breytingum á skattalegum hvötum undir lok árs 2021. Leiðin felur í sér að einstaklingar og fyrirtæki geta fengið skattafrádrátt fyrir stuðning við félag á almannaheillaskrá Skattsins. Framlög til íþróttastarfs hafa aukist hratt á síðastliðnum fjórum árum og hafa sum íþróttafélög átt betra mót en önnur.

Frá því lög um skattafrádrátt vegna framlaga til almannaheillafélaga tóku gildi í lok árs 2021 hefur fjárstreymi til íþróttafélaga í formi styrkja vaxið hratt. Á fyrsta árinu, sem náði aðeins yfir lok ársins 2021, námu framlög til íþróttafélaga 30 milljónum króna. Árið eftir hækkaði fjárhæðin í 241 milljón og árið 2023 í 441 milljón. Í fyrra var upphæðin komin í 547 milljónir króna á einu ári. Þetta er næstum 130 prósentu aukning ef fyrsta árið er undanskilið og aðeins miðað við þrjú heil ár.

Miðað við þessar tölur hafa samtals 1,3 milljarðar króna runnið til íþróttahreyfingarinnar í formi framlaga frá einstaklingum og fyrirtækjum frá því lögin tóku gildi.

„Fyrir flest íþróttafélög skiptir hver króna miklu máli og því hjálpar að bjóða upp á styrkjakerfi eins og þetta svo þau þurfi ekki að vera í endalausum harki. Uppskeran virðist líka vera góð fyrir félögin því einstaklingar og fyrirtæki hafa verið að átta sig æ betur því að þau geta styrkt íþróttafélög með þessum hætti. En það áhugaverða er hversu hröð þróunin er,“ segir **Sævar Þór Sveinsson**, viðskiptafræð-

ingur og ritstjóri netmiðilsins UTAN VALLAR. Hann vakti athygli á málinu í umfjöllun sinni um fjárframlög til íþróttastarfs í Viðskiptablaðinu og á netmiðli sínum.

Í miðlinum fjallar Sævar um ýmsar hliðar fjármála og íþróttafélaga.

Hann kafar ofan í ársreikninga íþróttafélaga, fjallar um fjárhagsleg áhrif einstakra liða í stórum alþjóðlegum keppnum, svo sem um tekjur kvennaliðs Breiðabliks þegar liðið komst í 16-liða úrslit í nýstofnuðum Evrópubikar hjá UEFA, fjárhagslegar afleiðingar af falli knattspyrnuliðs í deild og svo má lengi telja.

Sævar segir að ríkið fái vissulega ekki eins miklar skatttekjur af styrkjum til íþróttafélaga og það gæti fengið. Á hinn bóginn sé þetta form af styrkjum gott fyrir alla, sérstaklega þar sem framlögin efla íþróttahreyfinguna, sem styðji við forvarnastarf. Fyrirkomið skili sér í margfalt til baka og því góð fjárfesting fyrir ríkið.

„Ég held að allt sem stjórnvöld geti gert til að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að beina peningum sínum til íþróttahreyfingarinnar sé af hinu góða,“ segir Sævar.



Skattafrádráttur skilar árangri

Gögnin sem Sævar studdist við og við notum hér í Skínfaxa eru komin úr svari Daða Más Kristóferssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Hildar Sverrisdóttur, þingkonu Sjálfstæðisflokksins, sem í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í byrjun júlí spurði ráðherra um skattafrádrátt vegna styrkja til félaga á Almannaheillaskrá Skattsins.

Fyrirspurnin var í þremur liðum:

1. Hver er heildarfjárhæð styrkja til félaga á almannaheillaskrá sem einstaklingar og lögaðilar hafa nýtt sem stofn til frá-

dráttar frá skatti allt frá gildistöku laga nr. 32/2021, um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld? Svar óskast sundurliðað eftir árum og félagi.

2. Hver er heildarfjárhæð frádráttar frá skatti sem einstaklingar hafa fengið samþykktan á sama grundvelli? Svar óskast sundurliðað eftir árum, kyni og aldri.

3. Hver er heildarfjárhæð frádráttar frá skatti sem lögaðilar hafa fengið samþykktan á sama grundvelli? Svar óskast sundurliðað eftir árum.

Ráðherra svaraði í byrjun september

Í svarinu kemur fram að gjafir og framlög til félaga á almannaheillaskrá námu rétt rúmum 995 milljónum króna árið 2021. Taka skal fram að lögin tóku gildi í nóvember 2021 og því stutt til áramóta. Fyrsta heila árið námu framlögin 6,6 milljörðum króna og í fyrra 8,5 milljörðum króna.

Framlög frá einstaklingum til félaga á almannaheillaskrá Skattsins hafa frá upphafi verið lunga framlaganna. Framlag einstaklinga nam sem dæmi 6,7 milljörðum króna í fyrra en lögaðila 1,8 milljörðum króna.

Upplýsingar um greiðslur í heild

Alþingi



Hér má sjá svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Hildar Sverrisdóttur á vefsvæði Alþingis í heild sinni. Slóð: 930/156 svar: skattafrádráttur vegna styrkja til félaga á almannaheillaskrá | Þingtíðindi | Alþingi

UTAN VALLAR



Hér er hægt að lesa meira um fjármál íþróttafélaga í umfjöllun UTAN VALLAR. Slóð: utanvallar.is/



UMFÍ og skattalegir hvatar

Lögin sem um ræðir voru samþykkt á Alþingi árið 2021. Í stuttu máli gera þau einstaklingum og lögaðilum kleift að fá skattafrádrátt vegna framlaga, styrkja og gjafa til félaga sem eru á svokallaðri almannaheilla-skrá Skattsins. Markmið laganna var að efla og auka skattalega hvata til almannaheillafélaga. UMFÍ hafði lengi mælt fyrir því að skattalegt fyrirkomulag frjálsra félagasamtaka hér á landi yrði fært nær því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum og talaði fyrir því innan stjórnar Almannaheilla, sem UMFÍ er stofnaðili að.

Lögin fólu í sér að einstaklingar gátu dregið allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Af þessum sökum gátu 96.000 einstaklingar dregið 4,8 milljarða króna frá tekjuskattstofni sínum vegna

ársins 2022 vegna slíkra framlaga en í heild námu framlög einstaklinga og lögaðila til almannaheillafélaga 6,6 milljörðum króna það árið. Með lagabreytingunum var auk þess kveðið á um tvöföldun á hlutfalli sem atvinnurekstraraðilar mega draga frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga og fór það úr 0,75% í 1,5%.

Í lögnum fólst jafnframt að almannaheillafélög, þar á meðal íþróttafélög, njóta ýmissa undanþága frá greiðslu skatta, m.a. frá greiðslu tekjuskatts og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, auk undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts á tilteknum tilvikum auk annarra þátta. Þá er í lögnum veitt undanþága frá greiðslu erfðafjárskatts af gjöfum til aðila í almannaheillastarfsemi.

Framlög til almannaheillafélaga og íþróttafélaga

2021

Almannaheillafélög:
995,2 milljónir kr.

Íþróttafélög:
30,8 milljónir kr.

Hlutfall íþróttahreyfingar:
3,1% af heildinni
Einstaklingar: **813,8** milljónir kr.
Lögaðilar: **181,3** milljónir kr.

2022

Almannaheillafélög:
6,6 milljarðar kr.

Íþróttafélög:
241,3 milljónir kr.

Hlutfall íþróttahreyfingar:
3,6% af heildinni
Einstaklingar: **5,4** milljarðar kr.
Lögaðilar: **1,2** milljarðar kr.

2023

Almannaheillafélög:
8,0 milljarðar kr.

Íþróttafélög:
441,6 milljónir kr.

Hlutfall íþróttahreyfingar:
5,5% af heildinni
Einstaklingar: **6,7** milljarðar kr.
Lögaðilar: **1,9** milljarðar kr.

2024

Almannaheillafélög:
8,5 milljarðar kr.

Íþróttafélög:
547,8 milljónir kr.

Hlutfall íþróttahreyfingar:
6,4% af heildinni
Einstaklingar: **6,7** milljarðar kr.
Lögaðilar: **1,8** milljarðar kr.

Framlög og styrkir til íþróttafélaga um allt land


Gjafir og framlög til félaga á almannaheillaskrá skattsins hafa vaxið mikið frá því lög þess efnis tóku gildi árið 2021. Framlögin hafa aukist um tæp 130% og hefur 1,3 milljarður króna runnið til íþróttastarfs.

Eins og fram hefur komið eru framlögin að mestu frá einstaklingum. Við höfum tekið saman hvaða íþróttafélög hafa fengið styrki og framlög í krafti laganna.


Vestfirðir	2021	2022	2023	2024	Samtals
Íþróttafélagið Vestri	5.325.000	18.091.980	2.500.000	2.250.000	28.166.980
Skiðafél. Ísfróðinga				3.800.000	3.800.000
Skiðafél. Ströndamanna				1.495.000	1.495.000
	5.325.000	18.091.980	2.500.000	7.545.000	33.461.980

Vesturland	2021	2022	2023	2024	Samtals
Knattspyrnufélag ÍA		5.040.000	4.170.000	4.680.000	13.890.000
Skotfélag Akraness	250.000	89.500			339.500
Umf. Skallagrimur			200.000	945.264	1.145.264
Umf. Snæfell	1.675.000	6.500.000	15.905.000	10.778.298	34.858.298
Sundfélag Akraness			347.200	3.344.000	3.691.200
	1.925.000	11.629.500	20.622.200	19.747.562	53.924.262

Höfuðborgarsvæðið	2021	2022	2023	2024	Samtals
Handkn.fél. Kópav. - HK	150.000	2.291.600	4.788.400	5.386.200	12.616.200
Íþróttafél. Reykjav. - ÍR	1.553.800	3.502.426	17.413.370	16.965.939	39.435.535
Íþróttafélagið Gróttu	30.000	500.000		11.670.000	12.200.000
Knattsp.f. Reykjav. - KR	11.215.000	17.498.000	30.434.850	77.625.904	136.773.754
Knattspyrnufélagið Fram	980.000	9.588.332	7.020.000	8.015.000	25.603.332
Umf. Breiðablik	250.000	600.000	530.000	800.000	2.180.000
Umf. Stjarnan	250.000	200.000	2.331.931	4.086.001	6.867.932
Fimleikafél. Hafnarfj. - FH		2.732.500	5.263.300	6.705.500	14.701.300
Klúfurfélag Reykjavíkur		350.000			350.000
Knattsp.félagið Víkingur		700.000	4.277.416	4.409.000	9.386.416
Knattsp.félagið Haukar		250.000	825.000	760.670	1.835.670
Knattsp.félagið Valur		49.750.000	510.000	6.625.650	56.885.650
Knattsp.félagið Þróttur		5.695.000		523.449	6.218.449
Umf. Fjölnir		15.389.580	34.773.850	385.000	50.548.430
Badmintonfél. Hafnarfj.			50.000		50.000
Glimufélag Reykjavíkur			4.461.760		4.461.760
Hnefaleikafél. Hafnarfj.			330.000		330.000
Íþróttafélagið Fjörður			4.208.320		4.208.320
Íþróttafélagið Fylkir			2.170.000	2.240.000	4.410.000
Íþróttafélagið Leiknir			150.000		150.000
Ópena íþróttafélag				950.000	950.000
Hestamannafél. Fákur				400.000	400.000
Íþróttafélagið Gerpla				217.550	217.550
	14.428.800	109.047.438	119.538.197	147.765.863	390.780.298



Suðurnes	2021	2022	2023	2024	Samtals
Keflavík, íþr. og ungm.fél.		1.172.045	7.767.120	6.978.100	15.917.265
Umf. Grindavíkur	5.000.000	220.000			5.220.000
Umf. Njarðvík			63.172.146	46.477.745	109.649.891
Umf. Þróttur Vogum		5.740.000		1.793.822	7.533.822
	5.000.000	7.132.045	70.939.266	55.249.667	138.320.978



Tölurnar sýna að það getur margborgað sig fyrir íþróttafélög að vera á almannaheillaskrá og tengjast stuðningsfólki sínu með þessum hætti.

Norðurland vestra	2021	2022	2023	2024	Samtals
Umf. Tindastóll	209.201	51.879.307	58.538.972	141.004.500	251.631.980
Golfkl. Fjallabyggðar				480.000	480.000
Hestam.fél. Skagfirðingur				1.682.000	1.682.000
	209.201	51.879.307	58.538.972	143.166.500	253.793.980

Norðurland eystra	2021	2022	2023	2024	Samtals
Íþróttafél. Völsungur		1.559.500	1.716.000	2.090.000	5.365.500
Íþróttafélagið Þór		300.000	7.517.538	10.650.000	18.467.538
Þór/KA		105.000	15.982.176	6.044.244	22.131.420
Íþróttafél. Mýttvetningur			4.825.000	120.000	4.945.000
Knattsp.félag Akureyrar			43.917.000	36.906.500	80.823.500
Skákfélagið Goðinn			100.000		100.000
Skautafélag Akureyrar			250.000		250.000
Skiðafélag Akureyrar				2.000.000	2.000.000
Umf. Svarfdæla, Dalvík			3.135.588		3.135.588
Umf. Efling			604.000	35.000	639.000
Umf. Akureyrar				1.710.000	1.710.000
		1.964.500	1.964.500	59.555.744	139.567.546

Austurland	2021	2022	2023	2024	Samtals
Íþróttafél. Huginn		3.718.562			3.718.562
Umf. Neisti		8.225.004	2.676.320	2.749.520	13.650.844
Umf. Sindri	3.030.000	24.575.123	33.835.990	27.020.375	88.461.488
Íþróttafél. Höttur			39.364.988	49.958.233	89.323.221
Umf. Visir			500.000		500.000
	3.030.000	36.518.689	76.377.298	79.728.128	195.654.115

Suðurland	2021	2022	2023	2024	Samtals
Umf. Selfoss	300.000	1.315.722	4.331.000	2.506.000	8.452.722
Umf. Hrunamanna		2.150.000	3.667.000		5.817.000
Golfkl. Þorlákshafnar			885.000	150.000	1.035.000
Golfkl. Flúðir			4.540.000	3.170.000	7.710.000
Íþróttafélag Uppsveita				4.875.083	4.875.083
Umf. Laugdæla			1.681.000	3.200.000	4.881.000
	300.000	3.465.722	15.104.000	13.901.083	32.770.805

Afslættir á viðburði rjúfi félagslega einangrun

Öryrkjum og ellilífeyrispegum hættir til að einangra sig. Þátttaka á viðburðum og samneyti við annað fólk er heilsubót. Íþróttafélög og fleiri ættu því að finna ráð til að gera fólki í þessum hópi kleift að sækja viðburði, segir **Páll Ásgrímur Jónsson**, Garðbæingur ársins 2023.

„Það er svo ofboðslega sorglegt hvað mörg eru félagslega einangruð. Mig langar þess vegna svo mikið að geta hjálpað fólki að brjótast út úr einangruninni, komast út og fara á íþróttaviðburði og menningarviðburði,“ segir Páll Ásgrímur Jónsson.

Páll er gallharður Stjórnumaður úr Garðabæ og þekktur undir gælunafninu Páló. Hann hefur frá bernsku glímt við ýmsar raskanir og þekkir því vel hversu slæmar afleiðingar það hefur að loka sig af.

„Á sínum tíma einangraði ég sjálfan mig í töluverðan tíma. Mér leið líka afskaplega illa. En ég fékk hjálp við mínum málum og er ótrúlega þakklátur. Það er ofboðslega sorglegt hvað þetta er mikið af fólki og hvað afleiðingarnar eru slæmar. Þess vegna vil ég nýta mína reynslu til góðs,“ segir hann og telur eina af þeim lausnum sem geti hjálpað fólki að taka þátt í viðburðum að íþróttafélög og aðrir viðburðahaldarar bjóði öryrkjum og ellilífeyrispegum leiðir til að virkja örorkuafslætti, rétt eins og Strætó geri.

Páló gerir mikið af því að sækja íþróttaviðburði og er fastagestur á leikjum Stjórnnunnar í boltagreinum og segir það hafa gert sér gott.

„Þegar ég fer á leiki þá snúast þeir um fleira en leikina sjálfa. Félagslegi þátturinn er mikilvægari. Ég hef kynnst fullt af góðu fólki í gegnum Stjórnnuna, fólki sem ég lít á sem vini og kunningja enda hefur það og félagið hjálpað til við að bæta sjálfstraust mitt. Það er nefnilega svo mikilvægt að fólk finni að það sé með,“ segir hann.

Hann hvetur stjórnendur íþróttafélaga til að bjóða öryrkjum og ellilífeyrispegum afslætti á leiki, það geti aukið líkurnar á því að fólk brjóti út úr einangrun og taki þátt í viðburðum, þar á meðal íþróttaviðburðum.

En fá félög gera það

„Ég tók eftir því í Bestu deildinni í sumar að það voru aðeins tvö lið með miða inni á Stubbi sérstaklega ætlaða fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega. Þetta sést ekki hjá öðrum. Ég held að það væri gott að fá að vita áður en ég kaupi miða eða mæti á leik hvort afslættir séu í boði fyrir ákveðna hópa,“ segir Páll og bendir á að stundum hafi hann mætt á leiki ýmissa liða og verið hleypt fram hjá ef vinir eða ættingjar voru í dyrunum eða komist inn á sérafslætti. Betra væri ef afslættir væru uppi á borðum áður en farið er af stað.

Páló mælir með því að forsvarsfólk menningarviðburða og fleiri bjóði upp á þetta sómuleiðis og geti farið í samstarf við miðasólufyrirtæki um það til að rjúfa félagslega einangrun fólks.

„Ég hef farið á tónleika með vini mínum undanfarið og fengið þakklæti fyrir það. Enda er miklu betra að fara út og taka þátt en að hanga heima og vita ekki hvað mann langar til að gera. Ég hafði einfaldlega ekki sjálfstraust til að gera nokkuð.“



Páll var útnefndur Garðbæingur ársins 2023 og er hann afar stoltur af því. Hann fékk fjölmargar tilnefningar frá bæjarbúum Garðabæjar og útnefndi dómnefnd hann. Við útnefninguna sagði Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, að Páll hefði einstakt lag á því að vera jákvæður og hlýlegur. Hann minnti á mikilvægi þess að iðka góð samskipti, gildi góðra samskipta og mikilvægi þess að vera góður samborgari.



Þrír ráðherrar mættu á setningu Allir með-leikanna í nóvember og skrifuðu þar undir viljayfirlýsingu um stuðning við verkefnið næstu þrjú árin.



Hjólastólarnir sem hannaðir eru fyrir iðkendur í körfubolta og boltagreinar slógu í gegn á Allir með-leikunum.

Höfum náð að breyta viðhorfi til fatlaðra

Iðkendum með fötlun á grunnskólaaldri í skipulögðu íþróttastarfi hefur fjölgað úr 4% í 8,5% á þremur árum. Valdimar Smári Gunnarsson hefur heimsótt tugi íþróttafélaga og kynnt verkefnið **Allir með** til að fjölga tækifærum barna með fötlun í íþróttastarfi.

„Við sjáum fyrir okkur að í framtíðinni muni hefðbundin íþróttafélög bjóða upp á æfingar fyrir börn með fötlun eins og öll önnur börn. Það er stærsta verkefnið okkar nú, af því að við þurfum að breyta viðhorfum fólks,“ segir Valdimar Smári Gunnarsson, verkefnastjóri Allir með.

Verkefnið **Allir með** er samstarfsverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og Íþróttasambands fatlaðra (ÍF) auk þriggja ráðuneyta. Ráðherrar viðkomandi ráðuneyta hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um stuðning til verkefnisins næstu þrjú ár til viðbótar.

Þegar verkefninu var ýtt úr vör árið 2023 bentu gögn til þess að aðeins 4% barna með fötlun 17 ára og yngri á Íslandi tækju þátt í skipulögðu íþróttastarfi. Markmiðið var sett á að fjölga tækifærum barnanna til að æfa íþróttir í sínu hverfisfélagi og geta þau byrjað á sama aldri og ófötlud börn.

Valdimar sagði í kynningu fyrir starfsfólk Mennta- og barnamálaráðuneytisins á dögnum að hér á landi væru þrettán séríþróttafélög fyrir fólk með fötlun. Flest séu félögin fyrir fullorðna sem æfi boccía.

Allir þurfa að tilheyra

„Börnum finnst mikilvægt að upplifa að þau tilheyri og vilja æfa í sínum hverfum rétt eins og börn sem ekki eru með fötlun,“ sagði Valdimar en benti á að mikil vinna hafi farið í að heimsækja tugi íþróttafélaga, bæjarfélaga og sveitarfélaga og funda með sveitarstjórnunum, kynna verkefnið og gera það sýnilegt. Alls staðar þar sem Valdimar kom var hann spurður að því sama: Hver á að borga?

Valdimar benti á að af þeim sökum hafi verið farið af stað með hvatasjóð til að styrkja starfið. Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar hafi tekið við af honum og geti félög sótt um í hann til að greiða kostnaðinn.



Valdimar Smári Gunnarsson, verkefnastjóri Allir með.

Viðburðir auka sýnileika

Ein af leiðunum til að auka sýnileika Allir með er að halda viðburði. Þeir fyrstu fóru fram á síðasta ári. Þetta eru Allir með-leikarnir, sem hafa nú farið tvisvar fram í Laugardalshöll, þátttaka á Unglingalandsmóti UMFÍ og Íslandsleikarnir, sem munu fara fram í þriðja sinn í Keflavík í mars. Nýjasta viðbótin eru Stjörnuleikarnir, sem eru opnar æfingar í bæjarfélögum víða um land um helgar og eru þeir unnir í mikilli samvinnu og skipulagningu með svæðisfulltrúum íþróttahéraðanna á hverju svæði. Á Stjörnuleikana er boðið ungum iðkendum með fötlun, fjölskyldum þeirra, systkinum og vinum og geta allir leikið sér þar. Samhliða því fá þjálfarar viðkomandi félags fræðslu um kennslu barna með fötlun. Það opnar augu fólks.

„Þetta virkar, við höfum náð að breyta viðhorfi fólks. Vitneskjan um verkefnið er orðin meiri og þrjú verkefni farin af stað í kjölfar heimsóknar okkar,“ sagði Valdimar og bætti við að verkefni á borð við Allir með taki tíma, jafnvel nokkur ár. En árangurinn er sýnilegur: Iðkendum 17 ára og yngri hefur fjölgað úr 4% í 8,5% frá í byrjun árs 2023.



Fyrsta ár Hvatasjóðsins

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar tók til starfa í byrjun árs og úthlutaði styrkjum þrisvar á árinu. Umsóknar-
frestir voru í janúar, maí og í október. Umsóknir í Hvatasjóðinn geta gert góðar hugmyndir að veruleika.

Heildarúthlutun ársins:

86 milljónir króna

Fjöldi umsókna: **211** Fjöldi verkefna sem hlutu styrk: **154**

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar

	1	2	3	Samtals
Austurland	1.500.000 kr.	5.500.000 kr.	2.700.000 kr.	9.700.000 kr.
Höfuðborgarsvæðið	4.050.000 kr.	17.990.000 kr.	9.700.000 kr.	31.740.000 kr.
Norðurland eystra	3.290.000 kr.	2.000.000 kr.	2.400.000 kr.	7.690.000 kr.
Norðurland vestra	400.000 kr.	850.000 kr.	950.000 kr.	2.200.000 kr.
Suðurland	2.250.000 kr.	5.550.000 kr.	1.500.000 kr.	9.300.000 kr.
Suðurnes	3.500.000 kr.	1.750.000 kr.	3.400.000 kr.	8.650.000 kr.
Vestfirðir	1.150.000 kr.	300.000 kr.	3.000.000 kr.	4.450.000 kr.
Vesturland	4.250.000 kr.	4.550.000 kr.	4.100.000 kr.	12.900.000 kr.
	20.390.000 kr.	38.490.000 kr.	27.750.000 kr.	86.630.000 kr.

Fjöldi styrkja eftir áhersluflokkum

Börn með fötlun eða aðrar áskoranir	58
Börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn	22
Börn af efnaminni heimilum	20
Annað – eða blandaðir áhersluflokkar	54

Um Hvatasjóðinn

Hvatasjóður íþróttahreyfingarinnar er sjóður á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) með stuðningi Mennta- og barnamálaráðuneytis. Sjóðurinn tengist stofnun átta svæðisstöðva íþróttahéraða og markmiðum um eflingu íþróttastarfs á landsvisu. Sjóðurinn styrkir verkefni sem miða að útbreiðslu íþróttar og aukinni þátttöku barna í íþróttum með áherslu á þátttöku barna með fötlun, af tekjulægri heimilum og með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í Hvatasjóðinn geta sótt íþróttahéruð ÍSí og UMFÍ, íþróttafélög og deildir innan ÍSí og UMFÍ, sersambönd í samstarfi við íþróttahéruð, félög eða deildir félaga.

Fjöldi styrkja eftir svæðum

Austurland	13
Höfuðborgarsvæðið	56
Norðurland eystra	15
Norðurland vestra	7
Suðurland	19
Suðurnes	12
Vestfirðir	8
Vesturland	24

Ungmennaráð kom heim með gott veganesti

Guðný Óladóttir fór með ungmennaráði UMFÍ til Finnlands og hitti þar fjölda ungs fólks frá hinum Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum.

„Ég lærði mjög mikið um stöðu minnihlutahópa og stöðu réttinda ólíkra hópa á Norðurlöndunum og tók heim með mér fullt af hugmyndum, hópefli og fleira, sem við getum nýtt okkur til að gera starf ungmennaráðsins betra,“ segir Guðný Óladóttir, sem situr í Ungmennaráði UMFÍ. Hún tók ásamt stórum hluta ráðsins þátt í ungmennaráðstefnu UngNord í bænum Rovaniemi í Lapplandi í norðurhluta Finnlands í nóvember. Ferðin öll tók viku og var ferðast til Lapplands með millilendingu í Helsinki.

Í brennidepli ungmennavikunnar voru málefni minnihlutahópa, sjálfsmynd, tengsl fólks og leiðir til að styrkja rödd ungs fólks með virkri þátttöku í félagsstarfi.

Hópurinn gisti í tveimur húsum með þátttakendum frá hinum Norðurlöndunum og frá Eyrstrasaltsríkjunum. Mikil og góð ný tengsl urðu því til á ráðstefnunni.

Nægur tími fékkst líka til óformlegra tengsla. Hópurinn fékk sem dæmi tækifæri til að heimsækja jólasveininn, sem sagður er búa í Lapplandi, þótt við á Fróni vitum annað. Mikill jólaandi ríkti á ráðstefnunni enda hreindýr þar á vappi um allar götur og vetrarlegt um að lítast.

Guðný lærði mikið í ferðinni, ekki síst ýmislegt sem kemur að góðum notum til að gera ráðstefnuna Ungt fólk og lýðheilsu betri. En margt fleira fylgdi með:

„NordUng var með geggjaða dagskrá og verkefni sem kenndu mér mikið um samskipti og hvernig er hægt að skapa öruggt umhverfi handa öllum, hvernig samfélagið getur stutt við fjölbreytileika og búið til hindranir sem fólk í minnihlutahópum þarf að takast á við í daglegu lífi. Það er nokkuð sem annað fólk er oft ekkert að pæla í,“ segir Guðný.

Í hnotskurn

- Í Ungmennaráði UMFÍ eiga sæti ellefu einstaklingar á aldrinum 16–25 ára af öllu landinu. Helsta verkefni þeirra er ráðstefnan Ungt fólk og lýðheilsa, sem haldin er árlega og var síðast haldin á Reykjum í Hrótafirði í september.
- UMFÍ og NordUng hafa lengi verið samstarfsaðilar. Innan NordUng eru æskulýðssamtök á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum. Á þeim vettvangi hafa samtökin unnið mikið af sameiginlegum verkefnum. Þar á meðal eru ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðsráðstefnur og ungbændaráðstefnur.
- Formaður NordUng er Ylva Sóley Jóhanna Þórsdóttir Planman, sem búsett er hér á landi. Ylva er fyrsta konan til að setjast í formannsstól NordUng síðan Anna Ragnheiður Möller var formaður árin 2002 til 2012.
- Ylva, sem á sænska og íslenska foreldra, situr í stjórninni fyrir hönd sænska félagsins FNUF – Föreningarna Nordens Ungdomsförbund.
- NordUng hafa fundað víða á Norðurlöndunum, þar á meðal nokkrum sinnum hér.
- UMFÍ á iðulega fulltrúa í stjórn NordUng. Fulltrúi UMFÍ og Ungmennaráðs UMFÍ í stjórn UngNord nú er Halla Margrét Jónsdóttir. Hún hefur nú sagt sig úr ráðinu til að taka sæti í stjórn UMFÍ.



Ungmennaráð heimsótti jólasveininn í Lapplandi. Frá vinstri: Kolbeinn Þorsteinsson, Guðný Óladóttir, Halla Margrét Jónsdóttir, Eiður Andri Guðlaugsson, Jóli, Ísleifur Auðar Jónsson, Sara Jóhanna Geirsdóttir, Emir Daði Arnbergz Sigurðsson og Karen Hulda Finnsdóttir.



Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, við upphaf 54. sambandsþings UMFÍ.

Framtíðarstefna í íþróttamálum rædd á fjölmennu sambandsþingi UMFÍ

54. sambandsþing UMFÍ fór fram í Stykkishólmi dagana 10.–12. október. Þingið var afar vel sótt og sögulegt á margan hátt, meðal annars fyrir þær sakir að þingið sóttu fulltrúar Íþróttabandalags Vestmannaeyja (ÍBV) í fyrsta sinn, en bandalagið varð sambandsaðili UMFÍ á vordögum. Með aðild ÍBV eru öll íþróttahéruð landsins komin í raðir UMFÍ og birtist það í fjöldanum sem sótti þingið.

Þingið hefur í samræmi við þetta orðið töluvert umfangsmeira en áður. Það endurspegladist meðal annars í fjölda tillagna sem fyrir þinginu lágu. Gestir þingsins voru jafnframt margir en um 160 manns voru við setningu þess og snæddu hátíðarkvöldverð á föstudagskvöldi.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, lagði ríka áherslu á það í ávarpi sínu við setningu þingsins að nauðsynlegt væri að hefja markvisst samtal íþróttahreyfingarinnar við ríki og sveitarfélög um framtíðarstefnu í íþróttamálum og mótun nýrra íþróttalaga. Hann sagði að nú væri rétti tíminn til að taka utan um hreyfinguna á nýjan hátt og skýra betur hlutverk og ábyrgð allra sem starfa innan hennar.

„Við þurfum öll að fara í þá vinnu og ræða hlutverk og ábyrgð allra þeirra sem að starfi hreyfingarinnar koma, útfæra það með nýjum íþróttalögum og skapa saman betra starfsumhverfi,“ sagði hann og tók fram að þetta væri varða á vegferð íþróttahreyfingarinnar í átt að betra samfélagi. Hann hvatti til samstöðu, opins samtals og gagnkvæms skilnings. Raunverulegur árangur náist aðeins með öflugri samvinnu allra aðila. Með sameiginlegu átaki megi efla hreyfinguna og tryggja að ný íþróttalög verði til hagsbóta fyrir félög, iðkendur og samfélagið í heild.





Brosmdir þingfulltrúar frá Íþróttabandalagi Akureyrar á 54. sambandsþingi UMFÍ.

Heilbrigðisteymi, frjálsíþróttavöllur og íþróttir fyrir alla

Á sambandsþinginu tóku forsvarsfólk fjögurra sambandsaðila við Hvatningarverðlaunum UMFÍ fyrir hönd aðildarféлага. Þetta voru Ungmennafélagið Visir í Suðursveit, aðildarfélag Ungmennasambandsins Úlfjós (USÚ), Ungmennafélag Reykdæla, aðildarfélag Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB), Íþróttafélagið Undri í Dalabyggð, sem heyrir undir Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar, sem er aðildarfélag Íþróttabandalags Akureyrar (IBA).



Bjarni Malmquist Jónsson tók við verðlaunum fyrir hönd USÚ og Gunnhildur Gunnarsdóttir gerði það fyrir hönd UMSB í fjarveru Guðrúnar Hildar Þórðardóttur, sambandsstjóra UMSB, auk þess sem Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður UDN, tók við viðurkenningunni fyrir hönd sambandsins. Þá tók Jóna Jónsdóttir, formaður IBA, við verðlaununum fyrir hönd bandalagsins. Frá vinstri: Jóhanna Sigrún, Gunnhildur, Bjarni og Jóna.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

- Ungmennafélagið Visir í Suðursveit hlaut viðurkenningu fyrir að virkja nærsamfélagið við gerð frjálsíþróttavallar.
- Ungmennafélag Reykdæla er kannski lítið félag en hefur sprungið út. Í fyrra voru 80 iðkendur hjá félaginu og skráningar í greinar 120, sem merkir að hver iðkandi æfði fleiri en eina grein.
- Íþróttafélagið Undri varð til árið 2021 úr sex félögum í Dalabyggð til að opna starfið fyrir fleiri iðkendum. Markmið félagsins hefur frá fyrsta degi verið að bjóða upp á eins fjölbreytt starf og kostur er.
- Heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar var stofnað haustið 2023 að frumkvæði Jóhanns Pórs Jónssonar, sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanns. Það hefur frá fyrsta degi starfað á sjálfbodaliðagrunni. Í teyminu eru 14 einstaklingar, sem flestir eru foreldrar iðkenda og starfa í heilbrigðisgeiranum. Þetta eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraflutningamenn og sjúkraliðar. Teymið stóð vaktina á sínum fyrsta vetri á 53 viðburðum og náði nánast alltaf að manna vaktir.

UMFÍ

Einar og Magnús nýir heiðursfélagar UMFÍ

Þau Einar Haraldsson og Magnús Alexandersdóttir voru gerð að heiðursfélögum Ungmennafélags Íslands á sambandsþinginu í Stykkishólmi. Voru þau sæmd heiðursfélagakrossi UMFÍ sem er æðsta viðurkenning félagsins. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, flutti stutt ávarp og sagði frá störfum þeirra áður en hann afhenti þeim viðurkenningarnar.

Einar hefur starfað yfir fjóra áratugi í ungmennafélagshreyfingunni og verið burðarás í íþróttastarfi á Suðurnesjum. Hann flutti frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur árið 1977 og varð fljótlega lykilmaður í ungmenna- og íþróttastarfi bæjarins. Hann tók sæti í varastjórn Ungmennafélags Keflavíkur árið 1985 og var síðar síðasti formaður félagsins. Eftir sameiningu íþróttafélaganna í Keflavík 1994 starfaði hann af elju í stjórn Keflavíkur, meðal annars 26 ár sem formaður og 25 ár sem framkvæmdastjóri. Hann sat einnig átta ár í stjórn UMFÍ og tók þátt í fjölbreyttu starfi UMFÍ ásamt störfum sínum innan íþróttabandalags Reykjanesbæjar. Einar hlaut gullmerki UMFÍ 2014.

Magnús hefur frá unga aldri verið virkur félagi í ungmennafélagshreyfingunni. Hún hóf stjórnarstörf hjá Héraðssambandi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu árið 1971. Hún hefur verið í margvíslegum hlutverkum innan hreyfingarinnar. Hún var meðal annars fyrsti kven-



Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ ásamt þeim Einari Haraldssyni og Magnúsi Alexandersdóttir á sambandsþinginu.

formaður sambandsaðila (HSH) í sögu UMFÍ. Hún lagði drjúgt af mörkum við uppbyggingu félagsstarfs, meðal annars með stofnun sumarbúða og skipulagningu Landsmóts UMFÍ 1981. Hún hlaut Gullmerki UMFÍ 1992 og er víða dád fyrir óeigingjarnt og jákvætt framlag sitt innan ungmennafélagshreyfingarinnar.

Klara og Ómar sæmd gullmerki UMFÍ

Þau Klara Bjarnadóttir, Ungmennafélagi Grindavíkur, og Ómar Bragi Stefánsson, Ungmennafélaginu Tindastóli, voru sæmd gullmerki UMFÍ á sambandsþinginu.

Ómar Bragi hlaut gullmerkið fyrir sjálfbóðaliðastarf sitt fyrir knattspyrnudeild Tindastóls á Sauðárkróki en hann sat samfleytt í stjórn deildarinnar frá árinu 1974 til ársins 2017 eða í 43 ár. Þar af var hann formaður knattspyrnudeildarinnar í 30 ár. Ómar hefur auk þess verið verkefnastjóri og landsfulltrúi og stýrt mótum UMFÍ í rúm 20 ár.

Klara hefur gegnt embætti formanns Ungmennafélags Grindavíkur frá árinu 2021. Hún hefur staðið í brúnni við skipulagningu íþróttastarfs Grindvíkinga eftir að eldgos hófst í Fagradalsfjalli, sama ár og hún tók við. Klara er auk þess önnur konan í sögu Ungmennafélags Grindavíkur til að sitja í stóli formanns félagsins frá upphafi. Áður hafði hún þótt skila frábæru starfi sem formaður sunddeildar Grindavíkur.



Ómar Bragi Stefánsson og Klara Bjarnadóttir voru sæmd gullmerki UMFÍ.



Mikil breyting á stjórn

Á sambandsþingum er gengið til kosninga um nýja stjórn UMFÍ til tveggja ára. Sitjandi stjórnarfolk þarf að fá endurnýjað umboð og nýtt fólk gefur kost á sér. Í aðdraganda sambandsþingsins var ljóst að spennandi kosningar voru framundan enda margir í framboði til stjórnar. Jóhann Steinar Ingimundarson var þó einn í framboði til formanns UMFÍ og því sjálfkjörinn. Þegar upp var staðið varð töluverð breyting á stjórninni þegar sjö nýir einstaklingar tóku þar sæti í stjórn og varastjórn. Stjórn UMFÍ er skipuð ellefu einstaklingum, þar af eru fjögur í varastjórn.

Atkvæðagreiðslan var rafræn. Athygli vakti þegar atkvæði voru ljós að þau Margrét Sif Hafsteinsdóttir og Birgir Már Bragason voru jöfn. Formaður kjörnefndar lét þau því draga spil til að skera úr um kjörið. Margrét dró ás, sem landaði henni sæti í stjórn UMFÍ. Birgir gaf síðan kost á sér í varastjórn og hlaut kosningu í hana.

Nýja stjórn UMFÍ skipa:

- Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.
- Guðný Stefánía Stefánsdóttir, frá Héraðssambandi Vestfirðinga (HSV), er ný í stjórn.
- Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ, af sambandssvæði Íþróttabandalags Akraness, er ný í stjórn.
- Helgi Sigurður Haraldsson, frá Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), er nýr í stjórn.
- Margrét Sif Hafsteinsdóttir, frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), er ný í stjórn.
- Skúli Bragi Geirdal, frá Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA), er nýr í stjórn.
- Sigurður Óskar Jónsson, frá Ungmennasambandinu Úlfjótí (USÚ), hlaut endurkosningu.

Varastjórn UMFÍ skipa:

- Birgir Már Bragason, frá Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB), er nýr í stjórn.
- Gunnar Þór Gestsson, frá Ungmennasambandi Skagafjarðar (UMSS), gaf kost á sér í varastjórn og hlaut endurkosningu.
- Ragnheiður Högnadóttir, hlaut endurkosningu í varastjórn.
- Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, frá Ungmennasambandi Vestur-Skaftafellssýslu (USVS), er nýr í varastjórn.

Stjórn skipti með sér verkum

Ný stjórn UMFÍ fundaði stuttlega að morgni dags eftir að sambandsþinginu lauk. Á næsta fundi, sem var um miðjan nóvember, skipti stjórnin með sér verkum og skipaði í embætti og nefndir. Jafnframt var farið yfir erindisbréf. Hér til hliðar má sjá skipan stjórnarfolks í nefndir. Eftir er að fullskipa nefndirnar með fleiri einstaklingum úr hreyfingunni.



Fráfarandi stjórnarfolk UMFÍ var kvatt með blómum og kveðjum við þingslit. Frá vinstri: Ásgeir Sveinsson, Guðmundur Sigurbergsson, Gunnar Gunnarsson, Hallbera Eiríksdóttir, Rákel Másdóttir, Málfríður Sigurhansdóttir og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ.

Stjórn UMFÍ/hlutverk og nefndaskipan:

Skipan stjórnar: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður, Skúli Bragi Geirdal varaformaður, Margrét Sif Hafsteinsdóttir, gjaldkeri, Sigurður Óskar Jónsson, ritari.

Framkvæmdastjórn: Helgi Sigurður Haraldsson, formaður, Guðný Stefánía Stefánsdóttir og Halla Margrét Jónsdóttir. Til vara: Jóhann Steinar Ingimundarson.

Fjárhags- og greiningarnefnd: Margrét Sif Hafsteinsdóttir, formaður.

Laganefnd: Margrét Sif Hafsteinsdóttir, formaður og Ragnheiður Högnadóttir.

Móta- og viðburðanefnd: Helgi Sigurður Haraldsson, formaður, Sigurður Óskar Jónsson, Ragnheiður Högnadóttir og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Fræðslunefnd: Skúli Bragi Geirdal, formaður og Guðný Stefánía Stefánsdóttir.

Skólabúðanefnd: Guðný Stefánía Stefánsdóttir, formaður og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Upplýsingatækninefnd: Halla Margrét Jónsdóttir, formaður
Nefnd miðlunar og samskipta (áður útgáfu- og kynningarnefnd): Skúli Bragi Geirdal, formaður og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson.

Úthlutunarnefnd sjóða: Sigurður Óskar Jónsson, formaður og Gunnar Þór Gestsson.

Þrastaskógarnefnd: Ragnheiður Högnadóttir, formaður og Helgi Sigurður Haraldsson.



Tímabundinn fjárhagsstuðningur samþykktur á þingi

Héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög mynda íþróttahéruð landsins. Á árum áður stóðu íþróttabandalögin utan við UMFÍ, en árið 2019 var samþykkt að veita Íþróttabandalagi Akraness (ÍA), Íþróttabandalagi Akureyrar (IBA) og Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) aðild að UMFÍ. Síðan þá hafa öll íþróttabandalög landsins orðið sambandsaðilar UMFÍ og því eru nú öll íþróttahéruð landsins aðilar að samtökunum. Aðildarumsóknin 2019 var samþykkt með fyrirvara um að félögin fengju ekkert greitt úr sjóðum UMFÍ af lottópeningum fyrr en reglum yrði breytt í samvinnu ÍSÍ og UMFÍ og það samþykkt á þingum beggja hreyfinganna. Það var síðan gert samhljóða árið 2023.

Úthlutunarreglum um lottóframlagið var breytt á sambandsþingi UMFÍ fyrir tveimur árum þar sem grunnhugmyndin var að skipting væri hlutfölluð í samræmi við fjöldatölur barna átján ára og yngri á hverju svæði fyrir sig. Við það fengu íþróttabandalög landsins einnig greitt eins og önnur íþróttahéruð af lottópeningunum. Við það að lottógreiðslurnar dreifðust eftir framangreindum reglum til fleiri sambandsaðila lækkaði greiðsla UMFÍ eðli málsins samkvæmt til allra þeirra sem fyrir voru frá því sem áður var. Smærri íþróttahéruð fundu verulega fyrir breytingunni en með tilkomu svæðisstöðva íþróttahéraða átti að koma til móts við þann tekjumissi að hluta með vinnuframlagi.

Lífína til íþróttahéraða

Undir lok sambandsþings UMFÍ var samþykkt að UMFÍ veiti 60 milljóna króna tímabundna fjárhagsaðstoð til smærri íþróttahéraða sem glíma við alvarlega fjárhagserfiðleika. Ástæða þess er breytt skipting lottófjár, sem leiddi til minni tekna hjá mörgum héraðum, sérstaklega þeim sem starfa á fámennari svæðum. Þetta er hugsað sem neyðaraðstoð með framlögum úr Fræðslu- og verkefnasjóði og með því að ganga á eigið fé UMFÍ.



Frá umræðum á sambandsþingi UMFÍ í Stykkishólmi.

Aðstoðin er talin nauðsynleg til þess að dempa höggið sem félögin urðu fyrir vegna breytinga á útgreiðslu lottófjár sem samþykktar voru fyrir tveimur árum.

Jóhann Steinar, formaður UMFÍ, segir stöðuna alvarlega og að aðgerðir hafi verið nauðsynlegar: „Staðan er víða alvarleg og það hrikur í stoðum sumra lítilla íþróttahéraða,“ sagði hann og bætti við að jafnframt væri þörf á öflugri stuðningi frá hinu opinbera. Hann galt varhug við að UMFÍ grípi aftur til þessara ráða, slíkt verði ekki endurtekið án viðtækra breytinga.

„Þetta er ákall til ríkis og sveitarfélaga. Komi það ekki til er hættu á að þung skörð verði hoggin í íþróttastarfið,“ sagði hann.

Pantaði sér borgara eftir hátíðarkvöldverð



Birna og Sigurbjörn Árni. Hann heldur á áskinum sem fylgir matmanni UMFÍ til næstu tveggja ára. Í bréfpokanum er afgangur af kjúklingaborgaranum og frönsku kartöflunum sem Sigurbjörn náði ekki að torga.

„Hann stakk upp í sig sælgæti 574 sinnum og vegur samt bara 55 kíló, með skólatösku,“ sagði Birna Baldursdóttir, matmaður 53. sambandsþings UMFÍ árið 2023, þegar hún krýndi eftirmann sinn. Sá var skóla-meistarinn og íþróttalýsandi Sigurbjörn Árni Arngrímsson. Hann var þingfulltrúi Héraðssambands Þingeyinga (HSP).

Birna tilkynnti um útnefningu Sigurbjörns á laugardagskvöldinu, en þingið hafði byrjað daginn áður. Engu að síður dugði það Sigurbirni til að fara hamförum á matmálstímum. Birna sagði Sigurbjörn vel að titlinum kominn. Hún hafi fengið sendar upptökur af honum að hringja í veitingastaði þegar hátíðarkvöldverður þingsins stóð sem hæst því honum hafi fundist kvöldmaturinn ekki nægilega vel úti látinn. Í forrétt var ljúffeng humar- og grjótkrabbasúpa með hörpuskel, tigrisrækjum og kryddum. Í aðalrétt var lambafillet með jarðskokkamauki, kartöflum og ristugu brokkólí.

Sumir fengu sér ábót en Sigurbirni var ekki kunnugt um það og



Sigurbjörn Árni þakkar kokkum og matreiðslufólki fyrir góðar veitingar.

þurfti meira. Af þeim sökum pantaði hann sér kjúklingaborgara og franskar kartöflur. Birna tók reyndar fram að Sigurbjörn hafi ekki klárað kjúklingaborgarann. Því hafi hún tekið hann frá með nokkrum frönskum sem hún afhenti Sigurbirni í tilefni þessa.

Sigurbjörn þakkaði fyrir sig en var síðan hvattur til að kalla fram kokka og matreiðslufólk hótelsins og biðjast afsökunar á framferði sínu, sem hann og gerði.

Hefð er fyrir því, síðan árið 1979, að velja matmann á þingum UMFÍ. Farandgripurinn sem er veittur er útskorinn askur sem Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) gaf á sínum tíma. Hann er afhentur í lok síðustu máltíðar á þingum UMFÍ þeim þingfulltrúa eða stjórnarmanni UMFÍ sem að mati dómnefndar er þess verðugastur að geyma gripinn til næsta þings. Við valið er m.a. horft til framgöngu í matar- og kaffitímum þingsins, beitingu hnifapara, stíls, borðsiða o.fl. Dómnefnd er skipuð forseta þingsins og fyrrverandi matmanni.

Mikilvægt að auðvelda fólki að hreyfa sig

„Nýta þarf fjölbreyttar leiðir og aðferðir til að ná til ólíkra hópa fólks og gera þeim kleift að taka þátt í almennri hreyfingu,“ segir Mogens Kirkeby, formaður grasrótarsamtakanna ISCA.

Mogens Kirkeby, formaður alþjóðlegu grasrótarsamtakanna ISCA (International Sports and Culture Association) hélt ávarp á sambandsþinginu. Þar fjallaði hann um það hvernig auka megi þátttöku í íþróttum og byggja á sama tíma upp öflugt samstarf um heilsuefingu.

Mikið og gott samstarf hefur verið á milli UMFÍ og bæði ISCA og DGI í gegnum árin. UMFÍ tók virkan þátt í stofnun ISCA árið 1995 og hafa frá fyrstu dögum verið mikil og góð tengsl á milli samtakanna. Mogens fór vel yfir tengslin og gildi samstarfsins í gegnum árin. Á meðal verkefna ISCA sem UMFÍ hefur tekið upp á sína arma er verkefni sem hér á landi fékk nafnið Hreyfivika UMFÍ. Margir fleiri þættir eru runnir úr smiðju ISCA í starfi UMFÍ, svo sem ýmist samstarfsverkefni.

„Aðalatriðið er að gera fólki auðveldara að hreyfa sig og nýta fjölbreyttar leiðir til að ná til ólíkra hópa,“ sagði Mogens og lagði áherslu á að þegar hindranir eru fjarlægðar, þá aukist þátttakan. Íþróttahreyfingin þurfi að aðlagast sig að breyttum tímum og vinna með réttum aðilum að því að ná markmiði hreyfingarinnar.

„Margir stjórnendur íþróttafélaga og hreyfingarinnar í heild sinni vilja þróa starf sitt og áherslur, en færri þora að breyta um kúrs,“ sagði hann og benti máli sínu til stuðnings á að verkefnið Hreyfðu þig fyrir lífið (d. Bevæg dig for livet) sýni að árangur næst þegar dregið er úr hindrunum og boðið er upp á fjölbreyttar og aðgengilegar leiðir til ástundunar hreyfingar. Bevæg dig for livet er samstarfsverkefni Íþrótt-



Mogens Kirkeby formaður grasrótarsamtakanna ISCA í ræðustól á sambandsþingi UMFÍ.

sambands Danmerkur (DIF), DGI, sem segja má að eru systursamtök UMFÍ í Danmörku, tryggingafélags og Nordea-sjóðsins.



Hér er hægt að fræðast meira um danska verkefnið **Bevæg dig for livet.**

Stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ var samþykkt að sameinast um stefnumótun með ÍSÍ. Fyrsti formlegi fundurinn um málið fór fram á formannafundi ÍSÍ í nóvember. Á fundinum var farið í sameiginlega vinnu eftir samþykktir bæði á íþróttþingi ÍSÍ og sambandsþingi UMFÍ. Stefnt er að því að stefnumótunarferlið verði í nánu samstarfi allra aðila innan hreyfingarinnar, grasrótarinnar og allra hagaðila. Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá fyrirtækinu Expectus ráðgjöf, stýrir stefnumótunavinnunni.

„Það er ótrúlegur kraftur í þessum hópi. Ég fann strax að þarna var komið saman hugsjónafólk með sameiginlega sýn, sem er tilbúið að bretta upp ermar og gera gott starf enn betra,“ segir hún. „Í rauninni er fólk sammála um hlutverk og tilgang stefnumótunarinnar og íþróttahreyfingarinnar. Við heyrum ríkan vilja til að íþróttahreyfingin taki að sér stærra og meira hlutverk en verið hefur varðandi lýðheilsu og forvarnir samhliða því sem áfram verður unnið að öflugri grasrótastarfi og því að efla afreksstarf. Allt er þetta í þágu betra samfélags. Það er hjartað í verkefninu og ég er bjartsýn á framhaldið.“



Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, flytur ávarp á sambandsþingi UMFÍ.



Ný stjórn UMFÍ 2025–2027

Ný stjórn var kjörin á 54. Sambandsþingi UMFÍ í október. Fjórir af ellefu gengu úr stjórn, ýmist gáfu ekki kost á sér áfram eða náðu ekki kjöri. Tvö sem áður sátu í stjórn UMFÍ voru kosin í varastjórn. Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, var sjálfkjörinn en hann einn gaf kost á sér.



Í aðalstjórn UMFÍ 2025–2027. Efri röð vrá vinstri: Sigurður Óskar Jónsson ritari, Gunnar Þór Gestsson varastjórn, Ragnheiður Högnadóttir varastjórn, Guðný Stefánía Stefánsdóttir, Skúli Bragi Geirdal varaformaður og Helgi Sigurður Haraldsson. Fremri röð frá vinstri: Margrét Sif Hafsteinsdóttir, Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson varastjórn, Jóhann Steinar Ingimundarson formaður, Halla Margrét Jónsdóttir og Birgir Már Bragason varastjórn.

Svæðisstöðvar eru lykill að öflugra starfi

Jóhann Steinar Ingimundarson:

51 árs, búsettur í Garðabæ og starfar sem sérfræðingur á Viðskipta-bankasviði Íslandsbanka.

Hverjar eru helstu áskor-anir UMFÍ í dag og á kom-andi árum?

Að halda áfram að geta staðið fyrir íþrótta- og æskulýðsstarfi þar sem öllum er tryggður aðgangur óháð efnahag. Breytt starfs-umhverfi með áframhaldandi auknum kröfum mun gera enn erfiðara að fjármagna starfið og laða að sjálfbærni. Það leiðir til þess að þátttakendur munu þurfa að standa enn frekar undir vaxandi kostnaði.

Hvaða tækifæri sérðu í starfi Svæðisstöðva íþróttahéraða?

Svæðisstöðvarnar hafa sýnt að þær geta eflt og samhæft það starf á landsvísi sem nú þegar er verið að vinna að. Í því sambandi má nefna gagnasöfnun, greiningu, upplýsingagjöf, aukna samvinnu


milli hagsmunaaðila og mögu-leika á að horfa sérstaklega til ákveðinna hópa innan samfélags-ins með það að markmiði að auka þátttöku þeirra í starfinu.

Hvað gerir þú í frístundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Yfirleitt reyni ég að finna leiðir til að verja tíma með fjölskyldu og vínunum og tengist oft því einnig að fara í göngutúr með hundinum okkar, henni Móu. Mér finnst sér-staklega gaman að geta farið í sumarhús foreldra minna í Laugar-ási og notið kyrrðarinnar, útsýnis-ins, sveitaloftsins og samverunnar með þeim sem eru með okkur hjónum hverju sinni.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Vonandi sem flestir göngutúrar.



Móa og Jói í göngutúr í Heiðmörk.

Hver króna kemur margfalt til baka

Margrét Síf Hafsteinsdóttir

59 ára, búsett í vesturbæ Reykjavíkur og starfar við endurskoðun, kennslu og lögmennsku.

Hvaða málefni UMFÍ standa þér næst?

Það er erfitt að velja eitthvað eitt. Mér er hugleikið að íþróttahreyfingin sýni enn betur mikilvægi þess að stuðla að meiri íþróttabátttöku/hreyfingu sem flestra, helst allra, óháð aldri, búsetu, kyni og svo framvegis. Við þurfum að sýna fram á að hver króna sem ríkið leggur fram til þess að styrkja íþróttasambönd og íþróttafélög á landinu skili sér margfalt til baka. Til þess þarf að fara í vinnu við að greina og reikna þessar tölur til þess að leggja fram til þeirra sem ráða hvernig fjármunum hins opinbera er skipt. Þessu tengt þá hef ég áhuga á fjármálum og greiningu á rekstri hreyfingarinnar. Íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir mörgum áskorunum en tækifærin eru líka mörg. Ég tel mjög mikilvægt að styrkja samstarf og samvinnu á milli íþróttahéraðanna á landinu og gera þeim

kleift að nýta styrkleika sína og þekkingu hver annars.

Hvernig sérðu UMFÍ þróast á næstu árum?

Ég tel að UMFÍ muni gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja og viðhalda almennt hreyfingu landsmanna af hvaða tagi sem hún er. Hreyfing sem flestra skiptir gríðarlega miklu máli fyrir lýðheilsu allra landsmanna.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Ég stunda heilsurækt af ýmsu tagi, er í styrktarþjálfun 3–4 sinnum í viku, fer út að ganga með hundinn, í fjallgöngur, á skíði, bæði svig og gönguskiði. Ég stefni á að taka gólfð föstum tókum á næsta ári og prófa eina nýja íþróttagrein. Síðan hef ég mjög gaman af ferðalögum bæði innanlands og erlendis, nýt góðra



Margrét ásamt fjölskyldu sinni í Courmayeur á Ítalíu í 2.850 metra hæð. Með henni eru eiginmaðurinn, Júlíus Viðar, og dætur hennar, Dagbjört Ellen og Guðrún Emma.

stunda með fjölskyldu og vinum og reyni að lesa bækur eða horfa á misgóða þætti þar inn á milli.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Ég reikna með stöku heimsókn-

um í ræktina, góðum göngutúr-um með hundinum, fjölskyldu og vinum. Ef tími gefst til þá skelli ég mér kannski á skíði. Annars er það bara hefðbundin jólahreyfing í eldhúsinu.

UMFÍ leiði ferðina að betra lífi

Skúli Bragi Geirdal

33 ára, búsettur í Reykjavík en kemur frá Akureyri, starfar sem sviðsstjóri Netvís - Netöryggismiðstöðvar Íslands.

Hver eru að þínu mati mikilvægustu verkefni UMFÍ næstu misserin?

Öll starfsemi UMFÍ er mikilvæg og því vil ég sérstaklega leggja áherslu á að við stöndum vel að öllu kynningarstarfi til að lyfta starfinu upp. Þar þurfum við að vera óhrædd við að leita nýrra leiða og vinna betur úr öllum þeim gögnum sem við eigum. Með því að draga fram hagrænu áhrifin, gildin fyrir samfélagið, hlutverk forvarna og fleiri þætti þá sýnum við betur fram á hvernig hver króna í fjárfestingu í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi skilar sér margfalt til baka til samfélagsins. Þessu þarf að koma áleiðis til stjórnvalda og sveitarstjórna svo tíminn geti frekar farið í iðkendur en að berjast um krónur.

Hvaða hlutverki á UMFÍ að gegna í lýðheilsu á landsvísu?

UMFÍ gegnir að mínu mati lykilhlutverki í lýðheilsu þjóðarinnar. Sama á hvaða aldri við erum þá er regluleg hreyfing einhver sú

albesta heilsubót sem völ er á. En það er ekki bara hreyfingin sjálf heldur einnig samveran, félagsfærnin, tengslamyndunin, vináttan og gleðin sem skiptir svo miklu máli einmitt núna þegar að við sjáum vaxandi einmanaleika í samfélaginu. Stöðugt er sótt að heilbrigðum lífsstíl og daglegum venjum í nútímasamfélagi með markaðssetningu á ónaúðsynlegum og jafnvel ávanabindandi vörum. UMFÍ getur verið leiðandi afl í að efla forvarnir og fræðslu og stuðlað með því að bætt líðan og heilsu.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Ég er grafískur hönnuður þannig ég leita mikið í eitthvað skapandi. Þegar tími gefst þá reyni ég að koma hugsunum og þælingum á blað sem stefnan er að verði að bók einn daginn. Núna fyrir jólin stend ég á bak við útgáfu á tveimur þýddum barnabókum sem eiga að hjálpa foreldrum að eiga samtál við börn um stafrænan veruleika.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Líkamsrækt er mín hugleiðsla, þar tek ég mér fri frá áreiti og jóla-stressi. Ég vona síðan innilega að jólin verði hvít (vissulega eru meiri

líkur á því fyrir norðan) því þá verður nóg um hreyfingu við það eitt að vera úti í snjónum að búa til snjókarla og snjóhús.



Sem unglingur var Skúli Bragi um 140 kg og á lyfjum vegna ofþyngdar; skipulögð hreyfing og breyttur lífsstíll hefur gefið honum heilsuna aftur.



Helgi lætur sig ekki vanta í réttirnar á hverju hausti.

Stefnumótun UMFÍ og íþróttahreyfingarinnar allrar mikilvæg

Helgi Sigurður Haraldsson

58 ára, búsettur á Selfossi og starfar sem rekstrarstjóri hjá Aflvélum ehf. á Selfossi.

Hver eru að þínu mati mikilvægustu verkefni UMFÍ næstu misserin?

Stefnumótun UMFÍ og íþróttahreyfingarinnar allrar, skilgreining á verkaskiptingu hennar og um leið framtíðarsýn. Einnig þarf hún að ná eyrum yfirvalda, ríkis og sveitarfélaga um nauðsynlegan stuðning við hreyfinguna fjárhagslega.

Hvernig sérðu fyrir þér móta- og viðburðahald UMFÍ þróast á næstu árum?

UMFÍ þarf að styrkja stöðir þeirra verkefna sem það hefur í dag og tryggja framtíð þeirra. Þá sérstaklega Unglingalandsmótsins, í samstarfi við sambandsaðila og sveitarfélög. Sambandsaðilar standa

fyrir mörgum verkefnum í dag og því þarf að fara varlega í að fara inn á þeirra svið en frekar auka þá samstarf við þá um einstaka viðburði.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Nánast allur minn frítími fer í félagsmál, sit í stjórn fjölmargra félaga. En þar fyrir utan reyni ég að sinna fjölskyldunni eins og ég get, konu og börnum.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Hreyfing er nú ekki uppáhalds-orðið mitt og því miður stunda ég hana ekki mikið, nema að fara í einhverjar gönguferðir. Ætli það verði ekki eina hreyfingun um jólin.

UMFÍ byggir brýr inn í framtíðina

Guðný Stefánía Stefánsdóttir

49 ára, búsett í faðmi fjalla blárra á Ísafirði og starfar sem grunnskólakennari og íþróttamamma þriggja drengja.

Hver eru að þínu mati mikilvægustu verkefni UMFÍ næstu misserin?

Nauðsynlegt er að tryggja stöðugt rekstrarumhverfi hreyfingarinnar. Það felur bæði í sér að bregðast við ytri áskorunum sem hafa áhrif á fjárstreymi til íþrótt- og tómstundastarfs og að leita leiða til að treysta fjárhagslegan grunn allra sambandsaðila. Ferðakostnaður er gríðarlega hár og ef heldur áfram sem horfir þá hef ég miklar áhyggjur af landsbyggðinni. Oft þarf að ferðast um langan veg og það er dýrt. Við þurfum alltaf að vera stöðugt á verði og passa upp á alla, finna leiðir til að draga úr brottfalli og grípa þessi börn sem vilja hætta í skipulögðu starfi. Ég held að það hafi sjaldan verið jafn mikilvægt og nú. Það að vera félagsmaður er mikilvægt og hverju félagi nauðsynlegt að eiga slíka einstaklinga. Það hefur góð áhrif á fólk að upplifa að vera hluti af heild. Íþróttahreyfingin er nefnilega svo miklu meira en afreksíþróttir.

Hvaða tækifæri sérðu í starfi svæðisstöðva íþróttahéraða?

Fyrst og fremst tel ég að svæðisstöðvar muni styrkja samstarfið á milli héraða, bæði innan sama svæðis og þvert á landið. Með stærra og nánara samstarfi verður til meiri þekking, mögulega betri lausnir og hreyfingin stækkar við þetta. Starfsmenn svæðisstöðva hafa einnig tækifæri til að styðja við með ýmsu móti, til dæmis með styrkumsóknum og aðstoð við að finna réttu sérfræðingana þegar þörf krefur, svo sem í gerð ársreikninga. Það er líka mín skoðun að ég tel að svæðisstöðvar geti stuðlað að því að þekkingin og reynslan haldist betur innan hreyfingarinnar vegna stöðugra mannbreytinga innan stjórna.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Mínar fristundir eru mjög tengdar íþróttum. Við hjónin eigum þrjá íþróttadrenge og þeim fylgjum við hvert sem er og vinnum mikið fyrir íþróttirnar á svæðinu. Við fjölskyldan horfum mikið á íþróttir og



Guðný Stefánía ásamt eiginmanni sínum og sonum í Þverdal í Aðalvík, sem er ættaróðal manns hennar.

fylgjumst vel með á öllum sviðum. Mér finnst æðislegt að fara í gönguferðir, sund og nýjasta æðið mitt er að fara í gusu, sem er alveg einstakt. Ég er líka mikil hannyrðakona og mín núvítund

er að sitja og prjóna, hekla eða sauma út.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Fara í göngutúr með fjölskyldunni og njóta þess að vera í fríi.

UMFÍ valdeflir nýja kynslóð

Halla Margrét Jónsdóttir

26 ára, búsett á Akranesi, Skagakona í húð og hár og starfar sem net-öryggisráðgjafi hjá Syndis.

Hvaða málefni innan UMFÍ eru þér hugleikin?

Mér er sérstaklega hugleikið að ungt fólk fái tækifæri til að hafa áhrif í samfélaginu okkar. Ungt fólk á að sitja við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar, sérstaklega ákvarðanir er varðar ungmenni og framtíðina. Ungmennaráð UMFÍ er mjög virkt og vinnur náið með stjórninni, sem hefur verið afar ánægjulegt að taka þátt í undanfarin ár. Ég vil einnig tryggja að ungmennafélagshreyfingin sé aðgengileg öllum, óháð bakgrunni, kyni, aldri, búsetu, kynhneigð, fjárhagsstöðu eða fjölskylduadstæðum. Einnig tel ég mikilvægt að efla öryggi innan hreyfingarinnar, bæði félagslegt og stafrænt, og auka öryggisvitund á öllum sviðum.

Hvaða hlutverki á UMFÍ að gegna í lýðheilsu á landsvísu?

UMFÍ á að vera leiðandi þegar kemur að forvörnum og lýðheilsu, með því að skapa tækifæri og vettvang fyrir ungt fólk til að hreyfa sig, vera virkt í sínu samfélagi og

efla líkamlega, félagslega og andlega heilsu sína. Íþróttahreyfingin hefur sérstöðu til að ná til barna og ungmenna á landsvísu, og því er mikilvægt að UMFÍ haldi áfram að styðja við íþróttaiðkun og heilbrigða lífshætti landsmanna.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Ég stunda alls konar líkamsrækt, svo sem CrossFit, styrktarþjálfun, hlaup og fótbolta, og er að vinna í því að koma á fót áhugamanna-fótboltaliði fyrir konur á Akranesi. Ég ætla líka að keppa í Hyrox í Kaupmannahöfn í mars. En mér finnst alltaf gaman að hafa eitt-hvað skemmtilegt markmið til að æfa fyrir. Ég er með miðpróf í klassísku píanói og finnst ótrúlega gaman að spila og syngja. Svo sit ég í stjórn norrænu regnhlífarsamtakanna NordUng. Fjölskyldustundir eru mér líka afar mikilvægar, hvort sem það er að dekra litlu frænku mína eða spila og njóta með fólkinu mínu.



Halla í Árneshreppi á Ströndum við topp Litlafellshyrnu með Kálfatinda í bakgrunni. Halla fer á hverju sumri norður á Strindir að njóta kyrrðarinnar og einstöku náttúrunnar sem þar finnst.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Ég ætla að taka jólawod í World-fit Ægi á Akranesi, hlaupa árið út í

Áramótahlaupi í Á, ganga með fram sjónum heima og horfa út á Snæfellsjökul og læðast milli smákökuforma í búrinu heima.

UMFÍ gerir áskoranir að tækifærum

Sigurður Óskar Jónsson

38 ára, búsettur á Stapa í Hornafirði og starfar sem sérfræðingur hjá Náttúruverndarstofnun.

Hvernig sérðu UMFÍ þróast á næstu árum?

UMFÍ verður að þróast líkt og samfélagið sem það starfar í, því stöðnun skilar engu. Ég held að UMFÍ, og raunar íþróttahreyfingin öll, standi á ákveðnum tímamótum. Kröfur á stjórnendur félaga aukast jafnt og þétt, jafnvel frá opinberum aðilum. Á sama tíma leggja þessir sömu opinberu aðilar jafnvel til minna fé, eða að minnsta kosti ekki í neinu samræmi við verðlagsþróun. Þá er sífellt erfiðara að fá fólk í stjórnir. Þróun UMFÍ ætti að miða að því að finna lausnir á þessum málum og öðrum áskorunum íþróttahreyfingarinnar.

Hvaða tækifæri sérðu í starfi Svæðisstöðva íþróttahéraða?

Hér hlýtur að vera rétt að nefna tækifærið til að fá einfaldlega fleiri (launaðar) hendur til að vinna verkin. Það hefur líka raungerst að stjórnir héraðanna á svæðunum eru farnar að tala meira saman. Viða hefði það þótt óhugsandi fyrir ekki svo löngu síðan. Ég tel líka að svæðisstöðvarnar séu liður í að koma til móts við eitthvað af vandamálunum sem ég nefndi í spurningunni hér á undan.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Foreldrar mínir reka sauðfjárbú og eru nýlega hættir með kúabúskap. Eðlilega hafa því flestar



Sigurður sýnir meistarataka í UMFÍ-ferð í Noregi.

mínar fristundir undanfarin ár farið í að sinna búskap; sauðburði, heyskap, smalamennsku, gjöfum og mjöltum, svo eitthvað sé nefnt. Að öðru leyti hef ég gaman af því að ferðast, hvort sem það er hérlendis eða erlendis.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Hún mun ábyggilega fyrst og fremst felast í gönguferðum í fjárhúsin, aðallega til að gefa, en líka að sjá hvernig hrútunum gengur að hjálpa ánum að búa til ný lömb. Svo verður örugglega eitthvað pílukast inn á milli.

UMFÍ styrkir gott starf

Birgir Már Bragason

52 ára, búsettur í Keflavík og starfar sem framkvæmdastjóri Keflavíkur, íþróttta- og ungmennafélags.

Hvaða málefni UMFÍ standa þér næst?

Flest málefni UMFÍ standa mér nærri. Mitt markmið er að hjálpa til við að styrkja og efla það starf sem UMFÍ stendur fyrir og þróa það áfram svo það nýtist íþróttahreyfingunni sem best í þeirra starfi og í þeirra héraði.

Hvar sérðu tækifæri til að efla starf UMFÍ?

Starf UMFÍ er mjög gott. Við þurfum samt sem áður að vera stanslaust á tánum við að þróa okkar störf og aðlagða UMFÍ að hinum ýmsum breytingum sem verða í samfélaginu hverju sinni. Við þurfum að tengjast héruðunum betur því verkefni eru misjöfn eins og héruðin eru mörg.

Hvað gerir þú í frístundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Í mínum frítíma reyni ég að fara í laxveiði, ferðast innanlands sem og erlendis og reyni að vera sem mest með fjölskyldunni og vinum. Það er fátt skemmtilegra en að vera í góðra vina hópi.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Ég fer mikið í göngutúra og svo er ég aðallega að standa upp úr sófanum og setjast aftur. Annars finnst mér voða notalegt að slaka á heima og njóta jóla og páska eða spila á spil.



Birgir ásamt fjölskyldu sinni, Halldóra kona hans, synirnir Bragi Már og Jón Arnar, dóttirin Harpa Guðrún og tengdadæturnar Lovisa Ósk og Andrea á ættarmóti á Ísafirði síðasta sumar.



Ragnheiður ásamt fjölskyldu sinni að loknu skemmtilegu Mýrdalshlaupi.

Fólk er hjartað í hreyfingunni

Ragnheiður Högnadóttir

62 ára, búsett á Helli á Rangárvöllum og starfar sem fjármálastjóri hjá Sýslumanninum á Suðurlandi.

Hvaða málefni UMFÍ standa þér næst?

Forvarnir, lýðheilsa og umhverfismál. Móta og viðburðahald UMFÍ hafa einnig alltaf verið mér mikið hjartans mál. Ég lít á Unglingalandsmót UMFÍ sem eitt stærsta forvarnarverkefni landsins gagnvart börnum og ungmennum, og Landsmót UMFÍ 50+ er mikið lýðheilsu- og líkamlega og ekki síður andlega. Svo má ekki gleyma Drulluhlaupinu sem sameinar þetta allt.

Hvar sérðu tækifæri til að efla starf UMFÍ?

Ég held að það sé hægt að gera

enn betur í lýðheilsu- og líkamlegum á ýmsan hátt, bæði með því að efla 50+ mótin en einnig með því að bjóða upp á fleiri möguleika sem sameina samveru og hreyfingu allra aldurshópa.

Hvað gerir þú í frístundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Ég syng í kór og hef gert í yfir 30 ár.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Leika mér við barnabörnin, það getur tekið á.

Takk fyrir stuðninginn





Gunnar Þór og Guðný Guðmundsdóttir kona hans á Preikestolen í Noregi í lok ágúst 2023.

UMFÍ skapar gleði og samstöðu

Gunnar Þór Gestsson

54 ára, búsettur mestmegnis á Sauðárkróki og starfar sem tæknistjóri hjá Origo.

Hverjar eru helstu áskoranir UMFÍ í dag og á komandi árum?

Halda áfram vegferðinni í að verða landssamtök fyrir íþróttahreyfinguna í góðri samvinnu við ÍSÍ, íþróttahéruð, stjórnvöld og íþróttafélög.

Hvaða hlutverki á UMFÍ að gegna í lýðheilsu á landsvísi?

Landsmótin og viðburðirnir sem UMFÍ stendur fyrir setja línurnar í því hvernig við viljum leggja áherslu á gleði og þátttöku í mótahaldi. Á þeim línunum reynum við

að boða hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl alla ævi.

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Ég er formaður Ungmennasambands Skagafjarðar og er virkur þátttakandi í mótahaldi á Sauðárkróki. Þess fyrir utan er fjölskylda og vinir í hæsta forgangi.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Ég mæti í hreyfingu í Breksport á Sauðárkróki eins oft og ég get.

Fjölbreytni hvetur til þátttöku

Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson

25 ára, búsettur á Akureyri vegna náms en er Skaftfellingur í aðra ætt og Rangæingur í hina, Sunnlendingur í húð og hár. Pétursey í Mýrdal er og verður alltaf hans „heima“. Hann stundar nám í sálfræði við Háskólann á Akureyri en hefur áður starfað sem íþrótt- og æskulýðsfulltrúi fyrir Skaftárhrepp og Ungmennafélagið ÁS.

Hvernig sérðu fyrir þér móta- og viðburðahald UMFÍ þróast á næstu árum?

Viðburðir UMFÍ eru í miklu uppáhaldi hjá mér og ég hlakka til að kynnst þeim enn betur, best þekki ég til Unglingalandsmótanna þar sem ég hef verið fastagjestur undanfarin ár. Það má svo sannarlega margt gott segja um Unglingalandsmótin en eitt af því sem mér finnst svo flott við þau er þessi mikla fjölbreytni þegar kemur að keppnisgreinum, það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Mér finnst líka vert að nefna sérstaklega hina árlegu ráðstefnu Ungmennaráðs UMFÍ, ótrúlega flottan viðburður sem vel hefur verið staðið að. Ekki bara flottur viðburður heldur líka svo ótrúlega mikilvægur, það skín svo í gegn á þessum viðburði hvað við eigum

mikið af ungu og efnilegu fólki. Á þessum vettvangi gefst kostur á dýrmætu samtali og samveru. Þetta er viðburður sem hefur alla burði til að vaxa enn frekar.

Hvaða tækifæri sérðu í starfi svæðisstöðva íþróttahéraða?

Mér finnst margt mjög spennandi í starfi svæðisstöðvanna og það verður gaman að sjá þær þróast inni í framtíðinni. Verkefni sem enn er að komast reynsla á en er vonandi bara rétt að byrja!

Hvað gerir þú í fristundum annað en að sinna málefnum UMFÍ?

Mitt uppáhaldsá hugamál er útiivist og á því sviði sækist ég helst í að komast í fjallgöngur. Fyrir nokkrum árum smitaðist ég svo



Sigurður í góðum gir á Unglingalandsmóti á Egilsstöðum.

af miklum ljósmyndaáhuga sem fer ótrúlega vel með þessu úti-vistaráhugamáli. Ég á því orðið ansi góðan myndabanka og finnst alveg ótrúlega skemmtilegt að fanga augnablik á mynd úti í náttúrunni.

Hver er þín hreyfing um jólin?

Ætli ég rölta ekki upp á einhver mýrdælsk fjöll í jólafríinu, það er jú alltaf snjólétt og mikil blíða í Mýrdalnum.

Fundur fólksins 2025:

Almannaheillafélög eru ómissandi stoð í samfélaginu

„Almannaheillafélög gera samfélagið okkar lífvænlegt. Þau geta tekið höndum saman til að verða sterkari rödd,“ sagði Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, á Fundi fólksins, ráðstefnu Almannaheilla, samtaka þriðja geirans. Ráðstefnan hefur verið haldin um nokkurra ára skeið. UMFÍ er eitt stofnfélaga Almannaheilla sem stofnað var árið 2008 til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheilla-samtök og sjálfseignastofnanir sem starfa í almannaþágu á Íslandi.

Halla sagði víða í öðrum löndum hægt að sjá ávinning af samstarfi félagasamtaka, svo sem í mannréttindamálum og umhverfismálum. Það sé nýskeið hér og fatíðara en erlendis.

„Þetta er eins og vöðvi sem við þurfum að æfa, við Íslendingar,“ sagði hún.

200 ungmenni saman á ráðstefnu

Fjöldi erinda var fluttur á Fundi fólksins allan liðlangan daginn. Viðburðurinn hófst með lýðræðishátíð unga fólksins klukkan tíu um morguninn og mættu rúmlega tvö hundruð ungmenni úr 10. bekk nokkurra skóla. Hann stóð til klukkan eitt. Um klukkustund síðar hófst svo Fundur fólksins með ávarpi Ingu Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, sem ræddi um mikilvægi samstarfs félagasamtaka sem gangverks í samfélaginu. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, formaður Almannaheilla, kom næst á eftir, Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, fjallaði um fjármögnun íþróttafélaga og Almannaheilla og Tómas Torfason, framkvæmdastjóri KFUM og K og fyrrverandi framkvæmdastjóri Almannaheilla, gerði slíkt hið sama.

Á meðal annarra fundargesta voru Ásta S. Fjeldsted, forstjóri Festis. Hún fjallaði um atvinnulífið og árangursríkt samstarf í gegnum tíðina. Auk þess fjölluðu þær Hulda Hjálmarisdóttir og Kristín Þórsdóttir um perluverkefni Krafts. Fjögur erindi til viðbótar voru haldin um stjórnir og stemningu og það hvernig hægt er að virkja fólk til starfa sem sjálfboðaliði í félagasamtökum.

Fólk finni tilgang

Ráðstefnunni var lokað með samtali Höllu Tómasdóttur forseta Íslands og Hildar, formanns Almannaheilla, um almannaheillafélög í stóra samhenginu og mikilvægi þeirra fyrir velferð, lýðræði og samfélag.

Halla sagði almannaheillasamtök ekki aðeins burðarstoðir samfélagsins heldur líka vettvang fyrir einstaklinga til að finna tilgang og tengsl.

Hún benti á að víðs vegar um landið væru kvenfélög og önnur grasrótastarf að vinna ótrúlega mikilvægt samfélagslegt starf, oft í skjóli sjálfbodaliða sem leggja sitt af mörkum í frítíma sínum. Þá upplifi mörg ungmenni einmanaleika og finni ekki fyrir að verk þeirra hafi tilgang. Þátttaka í starfi almannaheillafélaga gæti verið leið til að efla seiglu, sjálfstraust og tengsl við aðra og þess vegna séu þau mikilvæg.

„Ungt fólk er að gera frábæra hluti. En rauðu flöggunum er að fjölga. Fólki líður ekki vel. Við erum alltaf að fara í minni veruleika. Það eru færri og færri brýr. Ég hef verið að velta fyrir mér hvaða módel henti ungu fólki til að finna tilgang, trú á framtíðina, æfa traust, auka seiglu og byggja upp áttavita í sínu lífi. Ég hef talað fyrir því að við hendum okkur í annan þjóðfund á landinu. Ég held að það sé verðugt verkefni fyrir almannaheillafélög til að vinna að, þar sem við reynum að lyfta okkur upp fyrir þetta plan. Þar væri hægt að setja orku í uppbyggilegan farveg, horfa til lengri tíma, velta fyrir okkur tilgangi samfélagsins,“ sagði hún.

Að lokum hvatti hún til þess að Íslendingar ræðu framtíðarsýn samfélagsins á nýjum þjóðfundi: „Ef við gætum komið saman, byggt brýr og sameinast um stærri verkefni, þá eru Íslandi allir vegir færir þótt tímarnir séu krefjandi,“ sagði Halla Tómasdóttir.



Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, og Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, formaður Almannaheilla, ræða málin undir lok ráðstefnunnar.



Inga Sæland félagsmálaráðherra hélt líflegt ávarp við setningu fundarins.



Fundur fólksins var fyrst haldinn í júní árið 2015 í Norræna húsinu og umhverfi þess. Fundurinn er hugsaður sem vettvangur fyrir umræður og skoðanaskipti á breiðum grundvelli með aðkomu allra sem vilja hafa áhrif á samfélagið og þróun þess til góða. Fundurinn er í anda sambærilegra viðburða sem hafa fest sig á hinum Norður-

löndunum, svo sem Almendalsveckan á Gotlandi í Svíþjóð, Folke-mødet á Bornholm í Danmörku og Arendalsuka í Noregi. Fundurinn var alla jafna haldinn í Norræna húsinu en fór fram í tvígang á Akureyri.

Síðastliðin tvö ár hefur Fundur fólksins verið haldinn í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu.

Takk fyrir stuðninginn





Svæðisfulltrúar íþróttahéraða:

Nýjar og sterkar stoðir í íþróttastarfi

Svæðisfulltrúar íþróttahéraða hafa á undanförunum misserum unnið hörðum höndum að fjölbreyttum verkefnum sem öll miða að því að styðja við og efla íþróttastarf um land allt. Þeir vinna í þremur hópum ásamt starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ. Verkefnum er skipt á milli en jafnframt er unnið í nánú samstarfi þvert á alla hópa. Hóparnir bera ábyrgð á fræðslumálum, kynningarmálum og stjórnsýslu/fjármálum.

Farsældarráð

Svæðisfulltrúar íþróttahéraða sitja nú í öllum Farsældarráðum sem hafa verið stofnuð hér á landi undanfarna mánuði. Svæðisfulltrúarnir eiga jafnframt víst sæti í öllum Farsældarráðum sem eru í undirbúningi um allt land.

Farsældarráð eru vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og samráðs í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem sveitarfélög, skólar, félagsþjónusta, íþróttahreyfingin og fleiri viðeigandi fulltrúar og stofnanir vinna saman að heildstæðri þjónustu fyrir börn. Á meðal markmiða farsældarráðanna er að samhæfa þjónustu, efla snemmtæka íhlutun og forvarnir og stuðla að bættum lífskjörum barna og ungmennta með samræmdum hætti um land allt.



Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins.

Samráð, fræðsla og sameiginlegir viðburðir

- Svæðisfulltrúar íþróttahéraða hafa lagt mikla áherslu á að efla samræmingu og samráð innan íþróttahreyfingarinnar.
- Svæðisfulltrúar hafa unnið að verkefnum og viðburðum í samvinnu við íþróttahéruð, íþróttafélög, sveitarstjórnir, foreldra, sjálfbóðaliða og fleiri sem koma að íþróttastarfi. Þetta skapar vettvang þar sem forsvarsfólk íþróttahéfur tækifæri til að hittast, tengjast og ræða um sameiginleg málefni, hvort sem það eru formlegir samráðsfundir, óformleg tækifæri eða skipulagðir stefnumótunarfundir.
- Fræðslufundir og málstofur hafa líka verið haldnar þar sem tækifæri er fyrir fulltrúa íþróttahreyfingarinnar til að ræða þróun íþróttastarfs og styrkja tengsl sín á milli. Markmiðið með sameiginlegum viðburðum er að skapa vettvang til að vinna með markvissum hætti að því að styðja við faglegt starf, efla tengslamyndun innan íþróttahéraða og þvert á þau og móta sameiginlegar áherslur í íþróttastarfi á landsvísi.



Ný heimasíða svæðisstöðva

Ný heimasíða svæðisstöðva hefur litið dagsins ljós. Heimasíðan er samvinnuverkefni svæðisstöðvanna átta, ÍSÍ og UMFÍ. Heimasíðan er verkfærakista fyrir þjálfara, foreldra, stjórnarfolk í héruðum og félögum, auk allra þeirra sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti. Á heimasíðunni má nú finna efni sem svæðisfulltrúar hafa unnið, ásamt fjölmörgum gagnlegum upplýsingum og gögnum bæði frá ÍSÍ og UMFÍ, allt á einum aðgengilegum stað.

Vefslóð síðunnar er **www.siu.is**. Heimasíðan er lifandi verkefni í stöðugri þróun og uppbyggingu og mun áfram vaxa og dafna á næstu mánuðum. Efnisþáttum mun fjölga eftir því sem verkefninu vindur fram.

Hittust öll fyrir austan

Svæðisstöðin á Austurlandi, Ungmennna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fjölskyldusvið Múlaþings stóðu fyrir málstofu um íþróttastarf barna og ungmennta í Múlaþingi í október. Á málstofuna var boðið öllum hagsmunaaðilum, fulltrúum íþróttafélaga, sveitarstjórnarfolki, foreldrum, sjálfbóðaliðum og öllum þeim sem áhuga hafa á málinu.

Allir með

Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna taka virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd landsviðburða tengdra verkefninu Allir með, sem miðar að því að fjölga tækifærum fyrir fötlun börn innan íþróttahreyfingarinnar.

- Verkefnið er samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, UMFÍ og Íþróttasambands fatlaðra) og þriggja ráðuneyta (Mennta- og barnamálaráðuneytis, Félagsmálaráðuneytis og Heilbrigðisráðuneytis). Markmið þess er að fjölga tækifærum barna með fötlun (17 ára og yngri) til að æfa íþróttir í sínu hverfisfélagi og geta byrjað að stunda íþróttir á sama aldri og önnur börn.
- Verkefnið hófst árið 2023 og var fjármagnað til ársloka 2025. Nú í haust skrifuðu ráðherrarnir þrír undir viljayfirlýsingu um 20 milljóna króna árlegan stuðning við verkefnið næstu þrjú árin. Á heimasíðu Allir með (www.allirmed.com) má sjá að 34 íþróttafélög um allt land bjóða upp á íþróttastarf fyrir iðkendur með fötlun.



Einstakir viðburðir

Svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna hafa skipulagt fundi með forsvarsfólki íþróttahéraða um allt land.

Funduðu í fyrsta sinn

Í nóvember stóðu svæðisfulltrúar á Suðurlandi fyrir samráðsfundi fyrir forsvarsfólk íþróttahéraða og íþróttafélaga á Suðurlandi. Þetta var fyrsti fundurinn þar sem fulltrúar allra héraða hittust. Þarna voru forsvarsfólk Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK), Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) og Íþróttabandalag Vestmannaeyja (ÍBV).

„Ég er svo glöð hvað allir voru samstíga og ánægðir á fundinum. Þarna hittist fólk í fyrsta sinn og ræddi saman og ljóst að fólk upplifir íþróttahéruðin með mismunandi hætti og hefur mismikla vitneskju um starfsemi þeirra. Þetta sýnir að við eigum ekki að vinna í litlum sellum heldur saman, því saman erum við sterkari.“ - Rákel Magnúsdóttir, svæðisfulltrúi íþróttahéraðanna á Suðurlandi.

Vinnustofa fyrir norðan

Svæðisstöð Norðurlands vestra, Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og Íþróttasamband fatlaðra stóðu fyrir vinnustofu í júní fyrir forsvaradila, íþróttþjálfara, starfsfólk skóla og áhugafólk um íþróttir. Þar var rætt hvernig hægt er að koma af stað skipulögðum æfingum fyrir fatlaða og þá sem finna sig ekki í hefðbundnu íþróttastarfi.

Áfangi um störf sjálfbóðaliða

Í upphafi árs, mótuðu Svæðisfulltrúar Vesturlands í samvinnu við Íþróttabandalag Akranes (ÍA) og Fjölbautaskóla Vesturlands, kennslu í áfanga um störf sjálfbóðaliða fyrir fjölbautaskólann. Áfanginn var til tveggja eininga, bæði bóklegur og verklegur.

Samvinna gegn brottfalli fyrir norðan

Svæðisstöð Norðurlands eystra ásamt Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) vinna saman að verkefninu **Tvöfaldur ávinningur** sem miðar að því að samræma nám og íþróttir ungs fólks með auknum stuðningi til að draga úr álagi og brottfalli. Hlutverk svæðisstöðvanna er að halda utan um verkefnið, útbúa umsóknir, verkstýra og draga rétta aðila að verkefninu í samvinnu við ÍBA.

Vinna að aðgerðaráætlun á höfuðborgarsvæðinu

Svæðisstöð höfuðborgarsvæðisins hefur staðið að vinnustofum fyrir íþróttafélög og íþróttahéruð á svæðinu. Þar hefur verið unnið að gerð aðgerðaráætlunar fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að hlutar þeirrar áætlunar nýtist í starf Farsælarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Ræddu málin yfir mat

Svæðisfulltrúar á Suðurnesjum, í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB) og Íþróttasamband Suðurnesja (ÍS), buðu stjórnarfolki í íþróttahreyfingunni á Suðurnesjum í kvöldverðarboð í golfskálanum í Leiru í nóvember.

Stefnumótun fyrir vestan

Haldinn var stefnumótunarfundur íþróttahéraða á Vestfjörðum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í október. Fundurinn var haldinn í samstarfi Héraðssambandsins Hrafna-Flóka (HHF), Héraðssambands Vestfirðinga (HSV), Héraðssambands Bolungarvíkur (HSB) og Héraðssambands Ströndamanna (HSS). Umræðurnar voru líflegar um framtíð íþróttastarfs á Vestfjörðum. Svæðisfulltrúar tóku þátt á fundinum. Næstu skref verða að móta sameiginlega markmið og áherslur í framtíðarstefnu íþróttahéraða á Vestfjörðum.

National Danish Performance Team

ACTIVATION



Tengjast við alþjóðlegar rætur

Hópur fulltrúa UMFÍ tók þátt á ráðstefnunni **Move Congress** sem alþjóðlegu grasrótarsamtökin ISCA héldu í samstarfi við DGI í ráðstefnumiðstöðinni við Tívolið í Kaupmannahöfn í lok október. ISCA kynnti þar stefnu til loka árs 2029 og miðar hún að því að gera hreyfingu að réttindum fólks.

Íslendingar áttu glæsilegan hóp fulltrúa íþróttahreyfingarinnar á ráðstefnunni Move Congress. Í hópnum var hluti af fráfaranandi stjórn UMFÍ og hluti af nýrri stjórn ásamt fulltrúum nokkurra sambandsaðila og starfsfólki UMFÍ. Gríðarlegur fjöldi fólks hvaðanæva að úr heiminum sótti ráðstefnuna. Þátttakendur voru rúmlega 850 talsins frá meira en 60 löndum og höfðu þeir aldrei verið fleiri.

Ráðstefnan er haldin á tveggja ára fresti í ýmsum stórborgum víða um heim. Fyrir tveimur árum var hún haldin í Madrid á Spáni, þar áður í Brüssel í Belgíu, í Búdapest í Ungverjalandi og víðar. Ráðstefnan nú var sú tólfta sem ISCA heldur.

Leiðir til að virkja fólk

Á ráðstefnunni var unnið út frá þemanu að virkja fólk og leitað að árangursríkum leiðum til að virkja fólk og samfélög og efla með samstarfi. Til umræðu var starfsemi og þátttaka í grasrótariþróttum, starfi sveitarfélaga og ýmsu fleiru. Fjallað var um fjölbreyttar leiðir sem geta komið að gagni til að hvetja fólk til þátttöku í starfi íþróttafélaga og í öðrum félagasamtökum. Á meðal helstu málanna sem fjallað var um voru andleg og líkamleg heilsa, félagsleg þátttaka, aðlögun flóttafólks í samfélaginu og aðkoma íþróttafélaga að þeirri vinnu, starf sjálfböðu-

liða, vernd og réttindi barna, virk öldrun og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og er þá fátt eitt nefnt.

Á setningunni sýndi sýninga- og fimleikahópurinn Verdensholdet listir sínar. Mikil ásókn er jafnan um að komast inn í fimleikahópinn sem ferðast um heiminn og sýnir listir sínar. Hópurinn er væntanlegur hingað til lands næsta vor í nokkrar vikur. Að lokinni setningu ráðstefnunnar hófust nokkrar málstofur sem þátttakendur gátu tekið þátt í og stóðu þær í tvo daga.

Ný stefna

Á aðalfundi ISCA, sem haldinn var í framhaldi af ráðstefnunni, voru tekin inn ný aðildarfélög. Þau eru nú rúmlega hundrað talsins hvaðanæva að úr heiminum. Á fundinum var líka kynnt ný stefna samtakanna sem tekur gildi í upphafi árs og gildir til loka árs 2029. Hún gengur öðru fremur út á að allt fólk, hvar sem það er statt, eigi að geta notið þeirra mannréttinda að hreyfa sig. Mogens Kirkeby, formaður ISCA, sagði stefnu ISCA ramma inn þá hugsun ISCA að hreyfing sé leið til að tengja fólk saman, styrkja samfélög og bæta lífið. Íþróttir og hreyfing snúist ekki um keppni heldur um tengsl og samvinnu.



Margrét Sif Hafsteinsdóttir, Guðný Stefania Stefánsdóttir og Victor Olsen fönndra á málstofu um inngildinu í íþróttastarfi.



Jóhanna Íris Ingólfsdóttir var stolt af sínu legokubbaverki.



Helgi S. Haraldsson tók virkan þátt í starfi málstofa á ráðstefnunni.



Kampakátur svæðisfulltrúi, fulltrúi ÍBA og starfsfólk UMFÍ á einni af fjölmörgum málstofum ráðstefnunnar.

Vilja fjölga stelpum í fótbolta

Stúlkur á grunnskólaaldri í Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi hafa sýnt aukinn áhuga á knattspyrnu. Ungmennasambandið fór því í átak til að efla þátttöku þeirra.

Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut nýverið 500.000 króna styrk úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar til að hrinda af stað metnaðarfullu verkefni sem miðar að því að efla þátttöku stúlkna í fótbolta í Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Verkefnið heitir *Stelpur í fótbolta – fyrirmyndir og framtíð* og er markmið þess, eins og segir í styrkumsókn, að brjóta upp rótgróna kynjaskiptingu innan íþróttarinnar og skapa ný tækifæri fyrir stelpur á grunnskólaaldri, til að bæta færni sína og auka sjálfstraust í íþróttum. Nú er svo komið að bæði drengir og stúlkur æfa fótbolta saman.

Í umsókn USVS segir að í sveitarfélögunum Skaftárhreppi og Mýrdalshreppi hafi þátttaka stúlkna í knattspyrnu verið lítil undanfarin ár og að nánast hafi einungis drengir tekið þátt í skipulögðum fótboltaæfingum á vegum ungmennafélaganna. Sú menning sé nú smám saman að breytast þar sem stúlkur hafi sýnt aukinn áhuga á íþróttinni í frímínútum grunnskóla. Tölfræðin yfir iðkenda fjölda í fótbolta í Mýrdalshreppi sýni því miður að ásókn sé að minnka, því þjálfarar til þess séu ekki á lausu.

Markmið Hvatasjóðsins er meðal annars að styðja við nýsköpunar- og þróunarverkefni í íþrótt- og æskulýðsstarfi um land allt. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem stuðla að jafnrétti, virkni og þátttöku barna og ungmenna. Í umsókn USVS í sjóðinn segir einmitt að verkefnið sé lyklatríði í því að hefja raunverulega sókn í jafnréttismálum innan fótboltans á svæðinu.

Verkefnið í hnotskurn:

- Haldið verður sérstakt fótboltanámsskeið fyrir stelpur á grunnskólaaldri, þar sem þær fá tækifæri til að æfa saman í uppbyggjandi og hvetjandi umhverfi.
- USVS sér tækifæri í því að fá kvenkyns fyrirmyndir úr knattspyrnu til að leiða verkefnið – bæði þjálfara og leikmenn sem geta kynnt fótbolta fyrir stúlkunum sem valdeflandi íþrótt þar sem hægt er að ná langt. Markmiðið er að veita innblástur og sýna iðkendur að þær eigi fullt erindi í fótbolta, og geti þróað bæði hæfileika og sjálfstraust í gegnum íþróttina.
- USVS í samstarfi við ungmennafélögin vilja ráða þjálfara með reynslu af því að vinna með fjölbreyttum hópum.
- Námskeiðið stendur yfir í tvo daga og verður haldið í Vík í Mýrdal annan daginn og á Kirkjubæjarklaustri hinn, til að gæta að jafnræðis allra. Stefnt er á þetta námskeið í byrjun árs 2026

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Kátir iðkendur í knattspyrnu hjá USVS.

Hvatasjóður nýtist til að efla starfið



Jóhann Bragi Elínarson tók við sem formaður USVS í nóvember og heldur áfram að vinna markvisst að því að styrkja íþróttahéraðið og starfsemi þess. Styrkur Hvatasjóðsins er mikilvægur skrefur í þá átt að styrkja og efla fjölbreytni í íþróttastarfinu.

„Við erum staðráðin í að skapa aðstæður þar sem stúlkur fái sömu tækifæri og drengir til að blómstra í íþróttastarfi hjá USVS,“ segir hann og bendir á að erfitt aðgengi að þjálfurum og fámenni í röðum iðkenda hafi leitt til þess að stúlkur hafi dregið sig til baka í íþrótt-

iðkun, sérstaklega í knattspyrnu. Á sama tíma er körfubolti sterkari í Vík hjá báðum kynjum, en skipulagða fótboltaþjálfun fyrir stelpur hefur vantað. „Við viljum breyta þessu,“ segir hann.

Verkefnið felur í sér að halda tveggja daga námskeið fyrir stelpur á grunnskólaaldri í Vík og á Kirkjubæjarklaustri í byrjun árs 2026. Markmiðið er að fá kvenkyns fyrirmyndir – bæði leikmenn og þjálfara – til að leiða æfingar, veita stúlkunum innblástur og sýna þeim að þær eigi fullt erindi í fótboltann. USVS vonast til að virkja konur úr nærumhverfinu til að taka þátt í áframhaldandi starfi og skapa varanlega menningu þar sem stelpur fá að njóta sín á eigin forsendum.

„Þetta er ekki bara námskeið,“ segir Jóhann Bragi. „Þetta er framtíðaráfangi.“



Hressir strákar frá USVS á Unglingalandsmóti UMFÍ á Egilsstöðum.

Gamla myndin:

Starfsmenn UMFÍ prófa seglbretti á Rauðavatni



Hörður S. Óskarsson og Guðmundur Gíslason, starfsmenn UMFÍ, sýna listir sínar á Rauðavatni 1985.



Árið 1985 velti Skinfaxi og íþróttahreyfingin á Íslandi því fyrir sér hvort seglbretti ættu möguleika á að festa sig í sessi hér á landi. Á þeim tíma var íþróttin ný af nálinni og lítið þekkt, en þrátt fyrir það voru aðstæður hér almennt mjög góðar. Hér er nægan sjó að finna, vötn til staðar og vindinn skortir sjaldan. Sumir

höfðu þó áhyggjur af því að of kalt væri hér á landi til þess að stunda íþróttina en reynslan sýndi fljótt að þurr gallar voru bæði það hlýir og þéttir að slíkar áhyggjur reyndust óþarfar.

Seglbretti er í einföldu máli sjóbretti með einu segli sem fest er við brettið með einni festingu. Sú festing gerir seglinu kleift að snúast í allar áttir og þannig er hægt að stjórna því frjálst á sama tíma og maður stýrir brettinu með fótunum. Oft hefur verið sagt að seglbretti sé eins konar blanda af seglbáti og brimbretti, þar sem maður nýtir kraft vindsins, á meðan jafnvægi og líkamsbeiting skipta einnig miklu máli.

Upphaf seglbrettaiðkunar á Íslandi má að nokkru rekja til komu Austurríkismannsins Rudi Knapp árið 1983. Hann kom hingað til lands til að kenna skíði í Bláfjöllum og hafði með sér í för eitt seglbretti. Þegar tími gafst brá hann sér á nærliggjandi vötn og sjó og æfði sig. Smám saman fór fólk að taka eftir

honum, sækja hjá honum námskeið og orðrómurinn fór að berast manna á milli. Áhugi Íslendinga á þessari nýju íþrótt fór að aukast.

Á þeim tíma nam stofnkostnaður við íþróttina um 37.000 krónum, sem samsvarar um 455.000 krónum á núverandi samkvæmt verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands. Innfalið í þeim stofnkostnaði var seglbretti og þurrbúningur. Talið var að um það bil 70 seglbretti væri til á Íslandi árið 1985, víðsvegar um landið.

Eftir umfjöllun UMFÍ í Skinfaxa þetta ár um seglbrettaiðkun hér á landi var starfsfólki skrifstofunnar boðið að koma að prófa íþróttina. Hörður S. Óskarsson og Guðmundur Gíslason, þáverandi starfsmenn UMFÍ, ákváðu að slá til og mættu, kokhraustir og sannfærðir um að þetta yrði lítið mál. Í Skinfaxa síðar sama ár, með skemmtilegri ádeilu á eigin frammi-stöðu segir: „En þar sem myndir segja nú oft meira en mörg orð þá látum við myndirnar tala sínu máli um árangur okkar í þessari íþrótt.“ Við leyfum þessum orðum að fylgja aftur hér með myndunum frá æfingunni sem fór fram á Rauðavatni á vormánuðum 1985.



Takk fyrir stuðninginn

Alark arkitektar ehf.
Auðhumla sf.

Fögrusteinar ehf.
Gröfupjónusta Steins

Bláskógabyggð
Brim hf.
Brunahönnun slf.

Hafnarfjarðarbær
Hótel Selfoss
Húnaþing vestra

Enor ehf.

Ísfélag Vestmannaeyja hf.

Íþróttamiðstöðin
Fjallabyggð

KLM verðlaunagripir
Krappi ehf.

Loðnuvinnslan hf.

Malbikunarstöðin
Hlaðbær

Norm x ehf.

Reykjavíkurborg
Ríma apótek
RJR / Sportvörur

Sæplast ehf.
SIH pípulagnir ehf.

Sildarvinnslan
Starfsmannafélag
Vestmannaeyja
Sveitafélagið Múlaþing

TGT ehf.
Tjörneshreppur

Trésmiðjan Borg
Trévangur

Útfarastofa Íslands

Vélsmiðja Suðurlands ehf.
Viðhald og nýsmiði ehf.
Vinnufót
Vökvaþjónusta Kópaskers

nettó



ZO•ON
ICELAND



GEFÐU ÍSLENSKT

zo-on.is